

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/390****2020/EES/62/02****frá 11. nóvember 2016****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tilteknar varfærniskröfur fyrir verðbréfamistöðvar og tilnefndar lánastofnanir sem bjóða viðbótarbankaþjónustu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamistöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 ⁽¹⁾, einkum 47. gr. (þriðju undirgrein 3. mgr.), 54. gr. (þriðju undirgrein 8. mgr.) og 59. gr. (þriðju undirgrein 5. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (ESB) nr. 909/2014 er komið á varfærniskröfum fyrir verðbréfamistöðvar til að tryggja að þær séu öruggar og traustar og uppfylli alltaf eiginfjárkröfur. Þessar eiginfjárkröfur tryggja að verðbréfamistöð eigi ávallt nægt eigið fé til að mæta áhættu sem hún stendur frammi fyrir og sé fær um að framkvæma eðlileg slit eða endurskipulagningu á starfsemi sinni ef nauðsyn krefur.
- 2) Að því gefnu að ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 varðandi útlána- og lausafjárahættu í tengslum við verðbréfamistöðvar og tilnefndar lánastofnanir geri skýra kröfu um að innri reglur þeirra og verklag geri þeim kleift að hafa eftirlit með, mæla og stýra áhættuskuldbindingum og lausafjárþörf, ekki einungis að því er varðar einstaka þátttakendur heldur einnig að því er varðar þátttakendur sem tilheyra sömu samstæðu og eru mótaðilar verðbréfamistöðvarinnar, ættu slík ákvæði að gilda um samstæður félaga sem samanstanda af móðurfélagi og dótturfélögum þess.
- 3) Að því er þessa reglugerð varðar hefur verið tekið tillit til viðeigandi tilmæla kjarnareglna um innviði fjármálamarkaða sem gefnar eru út af greiðslu- og uppgjörnefndinni og Alþjóðasamtökum eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði („Kjarnareglur CPSS-IOSCO“) ⁽²⁾. Einnig hefur verið tekið tillit til meðferðar eigin fjár lánastofnana samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽³⁾ að því gefnu að verðbréfamistöðvarnar standi að einhverju leyti frammi fyrir áhættu sem er lík þeirri áhættu sem lánastofnanir stofna til.
- 4) Rétt þykir að skilgreiningin á eigin fé í þessari reglugerð endurspegli skilgreininguna á eigin fé sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2013 ⁽⁴⁾ (EMIR). Slík skilgreining á best við með tilliti til krafna samkvæmt reglum þar sem skilgreiningin á eigin fé í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 var mótuð sérstaklega fyrir markaðsinnviði. Krafa er gerð um að verðbréfamistöðvar með leyfi til að veita viðbótarbankaþjónustu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014 uppfylli samtímis eiginfjárkröfur samkvæmt þessari reglugerð og kröfur vegna eiginfjárgrunns samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Krafa er gerð um að þær uppfylli kröfur vegna eiginfjárgrunns sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 575/2013 með gerningum sem fullnægja skilyrðum þeirrar reglugerðar. Til að komast hjá því að kröfur stangist á eða séu tvíteknar og að teknu tilliti til þess að aðferðafræðin sem

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 65, 10.3.2017, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 16.7.2020, bls. 36.

(1) Stjttíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1.

(2) Kjarnareglur um innviði fjármálamarkaða, Greiðslu- og uppgjörnefndin — Alþjóðagreiðslubankinn og tækninefnd Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, apríl 2012.

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjttíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjttíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

notuð er til að reikna út viðbótareiginfjárkröfu fyrir verðbréfamistöðvar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014 er náskyld þeirri sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ætti að leyfa verðbréfamistöðvum, sem bjóða viðbótarkröfuþjónustu, að fullnægja viðbótareiginfjárkröfum þessarar reglugerðar með sömu gerningum og fullnægja kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 909/2014.

- 5) Til að tryggja að verðbréfamistöð geti endurskipulagt starfsemi sína eða eðlileg slit, ef þörf krefur, ætti verðbréfamistöð alltaf að hafa yfir nægu eigin fé að ráða ásamt óráðstöfuðu eigin fé og öðru eigin fé til að standa straum af rekstrarkostnaði eins lengi og þörf er á til að hún geti endurskipulagt mikilvægustu starfsemi sína, þ.m.t. með því að endurfjármagna, skipta um stjórnendur, endurskoða starfsstefnur sínar, endurskoða uppbyggingu kostnaðar og gjalda og endurskipuleggja þjónustuna sem hún veitir. Að því gefnu að verðbréfamistöð þurfi að halda áfram venjulegum rekstri á meðan á slitum eða endurskipulagningu rekstrar hennar stendur og jafnvel þótt raunverulegur kostnaður kunnist vera töluvert hærri en árlegur brúttó rekstrarkostnaður á meðan á slitum eða endurskipulagningu rekstrar verðbréfamistöðvar stendur, vegna kostnaðar við endurskipulagningu eða slit, ætti notkun árlegs brúttó rekstrarkostnaðar sem viðmiðun fyrir útreikning eiginfjárþarfar að vera viðeigandi nálgun fyrir raunverulegan kostnað meðan á slitum eða endurskipulagningu rekstrar verðbréfamistöðvarinnar stendur.
- 6) Líkt og í a-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þar sem gerð er krafa um að stofnanir dragi tap á yfirstandandi fjárhagsári frá almennu eigin fé þáttar 1, ætti einnig í þessari reglugerð að viðurkenna þýðingu hreinna tekna til að mæta eða bera áhættu sem stafar af neikvæðum breytingum á viðskiptaskilyrðum. Því ætti eiginfjárgrunnur einungis að mæta þessu tapi í tilvikum þar sem hreinar tekjur nægja ekki til að mæta tapi sem stafar af tilkomu viðskiptaáhættu. Einnig ætti að hafa í huga væntar tölur fyrir yfirstandandi ár til að taka tillit til nýrra aðstæðna ef gögn frá næstliðnu ári eru ekki tiltæk svo sem ef um er að ræða nýstofnaðar verðbréfamistöðvar. Í samræmi við svipuð ákvæði í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 152/2013⁽¹⁾ ætti að gera kröfu um að verðbréfamistöð hafi yfir að ráða lágmarksvarfærnisfjárhæð eigin fjár vegna viðskiptaáhættu til að tryggja lágmarksvarfærnismedferð.
- 7) Í samræmi við kjarnareglur CPSS-IOSCO má draga afskriftir efnislegra og óefnislegra eigna frá brúttó rekstrarkostnaði við útreikning á eiginfjárkröfum. Þar sem þessi kostnaður myndar ekki eiginlegt sjóðstreymi sem tryggja þarf með fjármagni ætti að mega nýta slíkan frádrátt á eiginfjárkröfum vegna viðskiptaáhættu og kröfur varðandi slit eða endurskipulagningu.
- 8) Þar sem tíminn sem nauðsynlegur er fyrir eðlileg slit eða endurskipulagningu ræðst eingöngu af þeirri þjónustu sem hver einstök verðbréfamistöð veitir og markaðsumhverfinu sem hún starfar í, einkum þeim möguleika að önnur verðbréfamistöð geti tekið að sér hluta eða alla þjónustu hennar, ætti sá fjöldi mánaða sem þarf til endurskipulagningar starfsemi verðbréfamistöðvarinnar eða slita hennar að byggjast á mati hennar sjálfar. Hins vegar ætti þessi tími ekki að vera styttri en sá lágmarksfjöldi mánaða sem þarf fyrir endurskipulagningu eða slit sem kveðið er á um í 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 til að tryggja skynsamleg mörk eiginfjárfrafna.
- 9) Verðbréfamistöð ætti að móta sviðsmyndir um endurskipulagningu starfsemi sinnar eða slit sem eru lagaðar að viðskiptafkani hennar. Til að ná fram samræmdri beitingu krafna um endurskipulagningu eða slit í Sambandinu og til að tryggja að skynsamlegum kröfum sé fullnægt, ætti ákvörðunarréttur um mótun slíkra sviðsmynda þó að takmarkast af vel skilgreindum viðmiðum.
- 10) Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er viðeigandi viðmiðun til að koma á eiginfjárkröfum fyrir verðbréfamistöðvar. Til að tryggja samræmi við þá reglugerð ætti aðferðafræðin fyrir útreikning rekstraráhættu sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð einnig að teljast ná yfir lagalega áhættu að því er varðar þessa reglugerð.
- 11) Ef varsla verðbréfa fyrir hönd þátttakanda bregst myndi það annaðhvort leiða til kostnaðar fyrir þátttakandann eða kostnaðar fyrir verðbréfamistöðina sem myndi standa andspænis réttarkröfum. Því taka reglur um útreikning lögbundins eigin fjár vegna rekstraráhættu þegar tillit til vörsluáhættu. Af sömu ástæðu ætti vörsluáhætta vegna verðbréfa sem geymd eru gegnum samtengingu við aðra verðbréfamistöð ekki að falla undir viðbótarkröfu um

(1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 152/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur til miðlægra mótaðila (Stjtið ESB L 52, 23.2.2013, bls. 37).

lögbundið eigið fé en ætti að teljast hluti af lögbundnu eigin fé fyrir rekstraráhættu. Á sama hátt ætti ekki að tvítelja vörsluáhættu sem verðbréfamiðstöð stendur frammi vegna eigin eigna hjá vörslubanka eða öðrum verðbréfamiðstöðvum og ekki ætti að gera viðbótarkröfu um lögbundið eigið fé.

- 12) Verðbréfamiðstöð kann einnig að standa frammi fyrir fjárfestingaráhættu í tengslum við eignir sínar eða fjárfestingar sem hún gerir með því að nota veðtryggingar, innstæður þátttakenda, lán til þátttakenda eða aðra áhættuskuldbindingu samkvæmt leyfilegri viðbótarbankaþjónustu. Fjárfestingaráhætta er hættan á tapi sem verðbréfamiðstöð stendur frammi fyrir þegar hún fjárfestir með eigin fjármagni eða fjármagni þátttakanda, svo sem veðtryggingu. Ákvæði í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ⁽¹⁾, reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og framseldri reglugerð (ESB) nr. 152/2013 eru viðeigandi viðmið í því skyni að koma á eiginfjárkröfum til að mæta útlánaáhættu, útlánaáhættu mótaðila og markaðsáhættu sem kann að skapast vegna fjárfestinga verðbréfamiðstöðvar.
- 13) Sökum eðlis starfsemi verðbréfamiðstöðva tekur verðbréfamiðstöð á sig áhættu vegna hugsanlegra breytinga á almennum aðstæðum í viðskiptum sem líklegt er að geti skaðað fjárhagsstöðu hennar í kjölfar tekjuskerðingar eða útgjaldaaukningar hennar og sem leiða til taps sem færa ætti til lækkunar á eigin fé hennar. Þar sem umfang viðskiptaáhættu er mjög háð aðstæðum hveirrar verðbréfamiðstöðvar fyrir sig og hún getur skapast vegna ýmissa þátta ættu eiginfjárkröfur þessarar reglugerðar að byggjast á eigin mati verðbréfamiðstöðvar og aðferðafræðin sem verðbréfamiðstöð notar við slíkt mat ætti að vera í samræmi við hve umfangsmikil og margþætt starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar er. Verðbréfamiðstöð ætti að þróa sitt eigið mat á því eigin fé sem þarf fyrir viðskiptaáhættu miðað við safn álagssviðsmynda til að mæta áhættu sem ekki er þegar greind með aðferðafræðinni sem notuð er fyrir rekstraráhættu. Til að tryggja skynsamleg mörk eiginfjárfagna vegna viðskiptaáhættu við útreikning á grundvelli sviðsmynda sem verðbréfamiðstöðin hefur sjálf mótað ætti að færa inn lágmarks eigið fé í formi varfærnislágmarks. Krafa um lágmarks eigið fé vegna viðskiptaáhættu ætti að vera í takt við svipaðar kröfur fyrir aðra markaðsinnviði í tengdum gerðum Sambandsins svo sem framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um eiginfjárkröfur fyrir miðlæga mótaðila.
- 14) Viðbótareiginfjárfkrafa vegna áhættu sem tengist viðbótarbankaþjónustu ætti að ná yfir alla áhættu sem tengist lánveitingum innan dagsins til þátttakenda eða annarra notenda verðbréfamiðstöðva. Ef lánveiting innan dags leiðir til útlánaáhættuskuldbindinga yfir nótt eða lengur ætti að mæla samsvarandi áhættu og bregðast við henni með því að nota aðferðafræði sem þegar er kveðið á um í 2. kafla, II. bóls í þriðja hluta, að því er varðar staðalaðferðina, og 3. kafla, að því er varðar innramatsaðferðina, í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, þar sem sú reglugerð kveður á um varfærnisreglur fyrir mælingu útlánaáhættu sem stafar af útlánaáhættuskuldbindingum yfir nótt eða lengur. Hins vegar þarf útlánaáhætta innan dags sérstaka meðferð vegna þess að ekki er kveðið sérstaklega á um aðferðafræðina fyrir mælingu hennar í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 eða annarri viðeigandi löggjöf Sambandsins. Því ætti aðferðafræðin sem tekur sérstaklega á útlánaáhættu innan dags að vera nægilega áhættunæm til að taka tillit til gæða veðtryggingarinnar, lánshæfismats þátttakanda og raunverulegra áhættuskuldbindinga innan dags. Á sama tíma ætti aðferðafræðin að gefa veitendum viðbótarbankaþjónustu viðeigandi hvatningu, þ.m.t. hvatningu til að fara fram á veðtryggingu af sem mestum gæðum og velja lánshæfa mótaðila. Þótt veitendum viðbótarbankaþjónustu beri skylda til að meta og prófa magn og virði veðtrygginga og frádrags á viðeigandi hátt ætti aðferðafræðin sem notuð er til að ákvarða viðbótareiginfjárkröfu vegna útlánaáhættuskuldbindinga innan dags engu að síður að gera ráð fyrir og tryggja nægilegt eigið fé í tilvikum þegar skyndileg lækkun verður á virði tryggingarinnar sem er meiri en í matinu og hefur í för með sér að útlánaáhættuskuldbindingarnar sem eftir standa eru ótryggðar að hluta.
- 15) Útreikningurinn á viðbótareiginfjárkröfu vegna áhættu sem stafar af því að veita viðbótarbankaþjónustu útheimtir að tekið sé tillit til eldri upplýsinga um útlánaáhættuskuldbindingar innan dags. Til að geta reiknað út þessa viðbótareiginfjárkröfu ættu aðilar sem veita notendum þjónustu verðbréfamiðstöðva viðbótarbankaþjónustu, í samræmi við 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, („veitendur bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar“) því að skrá minnst eitt ár gagna um útlánaáhættuskuldbindingar sínar innan dags. Annars geta þær ekki greint þær áhættuskuldbindingar sem skipta máli og útreikningurinn byggist á. Þar af leiðandi ætti veitendum bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar ekki að vera skylt að uppfylla kröfu vegna eiginfjárgrunnis sem samsvarar viðbótareiginfjárkröfu fyrr en eftir að þeir geta safnað öllum upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að reikna út viðbótarkröfuna.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stj.útl. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

- 16) Samkvæmt 8. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal semja reglur til að ákvarða viðbótareiginfjárföröfuna sem um getur í d-lið 3. mgr. 54. gr. og e-lið 4. mgr. 54. gr. þeirrar reglugerðar. Enn fremur er í 54. gr. þeirrar reglugerðar gerð krafa um að viðbótareiginfjárföröfura endurspegli útlánaáhættu innan dags sem stafar af starfsemi samkvæmt C-þáttar viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, einkum ákvæði um lán innan dags til þátttakenda í verðbréfauppgjörskerfi eða annarra notenda þjónustu verðbréfamiðstöðvar. Því ætti áhættuskuldbinding vegna útlánaáhættu innan dags einnig að fela í sér það tap sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar myndi standa frammi fyrir stæði lántakandi þátttakandi ekki í skilum.
- 17) Samkvæmt ákvæði d-liðar 3. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, að því er varðar útlánaáhættu veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar, skal innheimta „auðseljanlegt veð með lágmarks útlána- og markaðsáættu“. Ákvæði d-liðar 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar útlánaáhættu veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðva gerir kröfu um að „háft lausafé“ sé tiltækt. Dæmi um slíkt háft lausafé er „auðseljanlegt veð“. Þó skiljanlegt sé að þau heiti sem notuð eru í hvoru tilviki fyrir sig séu mismunandi, út frá mismunandi eðli þeirrar áhættu sem um ræðir og samsvörun við mismunandi hugtök í reglum um útlána- og lausafjáráættu, þá tengjast þau bæði álíka miklum gæðum veitanda eða eigna. Því væri viðeigandi að fara fram á að sömu skilyrði séu uppfyllt áður en veðtrygging eða lausafé í formi veðtryggingar telst háft annaðhvort í flokknum „auðseljanlegt veð með lágmarks útlána- og markaðsáættu“ eða í flokknum „háft lausafé“, í þeirri röð.
- 18) Ákvæði d-liðar 3. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skylda veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar til að samþykkja auðseljanlegt veð með lágmarks útlána- og markaðsáættu til að stýra samsvarandi útlánaáhættu sinni. Sama ákvæði heimilar að aðrar tegundir veðtrygginga en auðseljanleg veð með lágmarks útlána- og markaðsáættu séu notaðar við sérstakar aðstæður, með beitingu viðeigandi frádrags. Til að auðvelda þetta ætti að koma á fót skýrri forgangsröðun tryggingagæða til að greina hvaða veðtrygging sé viðunandi til að verja útlánaáhættuskuldbindingu að fullu, hvaða veðtrygging sé viðunandi sem lausafé og hvaða veðtrygging, þó hún sé viðunandi til að draga úr útlánaáhættu, þarfnist hæfs lausafjár. Ekki ætti að hindra tryggingarveitendur í að skipta veðtryggingum sínum út að vild eftir tiltækileika fjármagns eða stefnuáætlun sinni um eigna- og skuldastýringu. Því ætti að vera heimilt að nota almennar tryggingavenjur, svo sem það að reiða sig á veðreikninga þátttakenda, þar sem þátttakandi leggur veðtrygginguna inn á veðreikning sinn til að verja allar útlánaáhættuskuldbindingar að fullu, til að skipta út veðtryggingu svo framarlega sem gæði og seljanleiki veðtryggingarinnar er vaktadur og uppfyllir kröfur þessarar reglugerðar. Samkvæmt slíku veðreikningasamkomulagi leggur þátttakandi veðtrygginguna inn á veðreikninga sína til að verja allar útlánaáhættuskuldbindingar að fullu. Auk þess ætti veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar að samþykkja veðtryggingu að teknu tilliti til tilgreindu forgangsröðunarinnar en má innleysa samþykktu veðtryggingu, ef nauðsyn krefur, á skilvirkasta máta í kjölfar vanskila þátttakanda. Út frá varfærnisjónarmiði ætti veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar þó að geta vaktað tiltækileika veðtryggingar, gæði hennar og seljanleika á viðvarandi grundvelli til að verja allar útlánaáhættuskuldbindingar að fullu. Hann ætti einnig að hafa gert samkomulag við lántakandi þátttakendur til að tryggja að allar kröfur þessarar reglugerðar um veðtryggingar séu ávallt uppfylltar.
- 19) Til að mæla útlánaáhættu innan dags ættu veitendur bankaþjónustu verðbréfamiðstöðva að vera í aðstöðu til að sjá fyrir hámarksáættuskuldbindingar dagsins. Þetta ætti ekki krefjast spár um nákvæma tölu heldur ætti að greina tilhneigingu í þessum áhættuskuldbindingum innan dagsins. Þetta er stutt enn frekar með tilvísun í „sjá fyrir hámarksáættu- skuldbindingar“ sem er einnig í stöðlum Baselnefndarinnar um bankaefirlit ⁽¹⁾.
- 20) Með ákvæðum II. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er komið á fót áættuvogum sem beita skal á útlánaáhættuskuldbindingar gagnvart Seðlabanka Evrópu og öðrum undanþegnum aðilum. Þegar útlánaáhætta er mæld í eftirlitsskyni eru slíkar áættuvogir almennt taldar besta fánlega viðmiðið. Því má beita sömu aðferðafræði á útlánaáhættuskuldbindingar innan dags. Til að tryggja að þessi aðferð byggist á traustum hugtakagranni er hins vegar þörf á einhverri leiðréttingu, nánar tiltekið ætti, við útreikning með notkun útlánaáhætturammans í 2. kafla, II. bálks í þriðja hluta, að því er varðar staðalaðferðina, og 3. kafla, að því er varðar innramatsaðferðina, í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, áhættuskuldbinding innan dags að teljast vera áhættuskuldbinding í lok dags fyrst ráð er gert fyrir því í þeirri reglugerð.

(1) Baselnefndin um bankaefirlit “Eftirlitstæki til lausafjárstyringar innan dags” apríl 2013.

- 21) Í samræmi við 5. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 sem felur í sér skýra vísun í 3. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 ættu bankaábyrgðir eða ábyrgðir, eftir því sem við á, að vera í takt við kjarnareglur CPSS-IOSCO og uppfylla svipaðar kröfur og þær sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Þeirra á meðal er krafan um að bankaábyrgðir og aðrar ábyrgðir séu að fullu veðtryggðar af hálfu ábyrgðarveitanda. Til að varðveita skilvirkni verðbréfauppgjors innan Sambandsins ætti hins vegar, þegar bankaábyrgðir eða ábyrgðir eru notaðar í tengslum við útlánaáættuskuldbindingar sem kunna að myndast vegna rekstrarsamhæfðra tenginga verðbréfamiðstöðva, að leyfa önnur viðeigandi úrræði til að draga úr áhættu svo framarlega sem þau veita jafn mikla eða meiri vernd en ákvæðin sem sett eru fram í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Þessi sérstaka meðferð ætti einungis að gilda um bankaábyrgðir eða ábyrgðir sem vernda rekstrarsamhæfðar tengingar verðbréfamiðstöðva og ætti eingöngu að verja útlánaáættuskuldbindingar á milli samtengdu verðbréfamiðstöðvanna tveggja. Þar sem bankaábyrgðin eða ábyrgðin verndar verðbréfamiðstöðvar sem ekki eru í vanskilum gegn útlánatapi ætti einnig að mæta lausafjórþörf verðbréfamiðstöðva sem ekki eru í vanskilum annaðhvort með tímanlegu uppgjöri skuldbindinga ábyrgðaraðilans eða, að öðrum kosti, með eigu hæfs lausafjár.
- 22) Ákvæði d-liðar 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 gerir kröfu um að veitendur bankaþjónustu verðbréfamiðstöðva dragi úr lausafjóráhættu með hæfu lausafé í hverri mynt. Þar af leiðandi má ekki nota óháft lausafé til að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þeirri grein. Þó útilokar ekkert að óháft lausafé, svo sem gjaldmiðla-skiptasamningar, séu notaðir í daglegri lausafjárstýringu til viðbótar við hæft lausafé. Þetta er einnig í samræmi við alþjóðlega staðla sem endurspeglast í kjarnareglum CPSS-IOSCO. Því ætti að mæla og vakta óháft lausafé í þeim tilgangi.
- 23) Lausafjóráhætta kann að myndast vegna einhvern þeirrar viðbótarbankaþjónustu sem verðbréfamiðstöðin veitir. Ramminn um stýringu lausafjóráhættu ætti að greina þá áhættu sem myndast vegna hinnar ýmsu viðbótarbankaþjónustu, þ.m.t. verðbréfalánveitinga og gera greinarmun á stýringu þeirra eins og við á.
- 24) Til að mæta allri lausafjórþörf, þ.m.t. lausafjórþörf veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar innan dags, ætti ramminn um stýringu lausafjóráhættu verðbréfamiðstöðvar að tryggja að greiðslu- og uppgjörsskyldur séu uppfylltar eftir því sem þær gjaldfalla, þ.m.t. skyldur innan dags, í öllum uppgjörsgjaldmiðlum verðbréfauppgjörskerfisins sem verðbréfamiðstöð rekur.
- 25) Að því gefnu að öll lausafjóráhætta, nema innan dags, falli þegar undir tilskipun 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 575/2013, ætti þessi reglugerð að miðast við áhættu innan dags.
- 26) Að því gefnu að veitendur bankaþjónustu verðbréfamiðstöðva séu kerfislega mikilvægir markaðsinnviðir er nauðsynlegt að tryggja að veitendur bankaþjónustu verðbréfamiðstöðva stýri útlána- og lausafjóráhættu sinni á varfærinn máta. Því ætti veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar einungis að vera heimilt að veita lántakandi þátttakendum óskuldbindandi lánalínur þegar hann veitir viðbótarbankaþjónustu eins og um getur í reglugerð (ESB) nr. 909/2014.
- 27) Til að tryggja að aðferðir veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar til áhættustýringar séu nægilega traustar, jafnvel við erfiðar aðstæður, ættu álagspróf á lausafé veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar að vera ströng og framsýn. Af sömu ástæðum ættu próf að gera ráð fyrir röð óvenjulegra en sennilegra sviðsmynda og framkvæma ætti þau fyrir hvern viðkomandi gjaldmiðil sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar býður að teknu tilliti til mögulegs misbrests á fyrirframákveðnu fjármögnunarfyrirkomulagi. Sviðsmyndir ættu að fela í sér, án þess að vera takmarkaðar við, vanskil tveggja stærstu þátttakenda veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar í þeim gjaldmiðli. Þetta er nauðsynlegt til að setja reglu sem er annars vegar varfærin, þar sem hún tekur tillit til þess að aðrir þátttakendur en sá stærsti geta einnig myndað lausafjóráhættu, og hins vegar reglu sem er einnig í samræmi við markmiðið, þar eð hún tekur ekki tillit til þeirra annarra þátttakenda sem minni líkur eru á að myndi lausafjóráhættu.
- 28) Ákvæði c-liðar 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skylda veitendur bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar til að tryggja nægilegt lausafé í öllum viðeigandi gjaldmiðlum innan ramma margvíslegra hugsanlegra sviðsmynda. Því ættu reglur sem tilgreina ramma og tæki til stýringar lausafjóráhættu í álagssviðsmyndum að mæla fyrir um aðferðir til að greina þá gjaldmiðla sem skipta máli við stýringu lausafjóráhættu. Greining viðeigandi gjaldmiðla ætti að byggjast á athugun á mikilvægi þeirra, reiða sig á hreina uppsafnaða lausafjóráhættu sem greinist og byggjast á gögnum sem safnað hefur verið á löngu og vel skilgreindu tímabili. Auk þess, til að viðhalda samræmdum regluramma í Sambandinu,

ættu mikilvægustu gjaldmiðlar Sambandsins sem tilgreindir eru samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/392 ⁽¹⁾ skv. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sjálfkrafa að teljast með sem viðeigandi gjaldmiðlar.

- 29) Í þeim tilgangi að safna nægilegum gögnum til að greina alla aðra gjaldmiðla en mikilvægustu gjaldmiðla Sambandsins er nauðsynlegt að lágmarkstími líði frá þeim degi þegar veitendur bankaþjónustu verðbréfamíðstöðva hljóta starfsleyfi og til enda tímabilsins. Því ætti að vera heimilt að nota aðrar aðferðir til að greina alla aðra gjaldmiðla en mikilvægustu gjaldmiðla Sambandsins fyrsta árið eftir að veitendur bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar hljóta starfsleyfi samkvæmt nýja reglurammanum sem komið er á fót með reglugerð (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar þá veitendur bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar sem þegar veita viðbótarbankaþjónustu á gildistökudegi tæknistaðlanna sem um getur í 69. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014. Þetta umbreytingarfyrirkomulag ætti ekki að hafa áhrif á kröfuna um að veitendur bankaþjónustu verðbréfamíðstöðva tryggi nægilegt lausafé sem slíka, heldur einungis snerta tilgreiningu þeirra gjaldmiðla sem falla undir álagspróf vegna lausafjárstyringar.
- 30) Samkvæmt ákvæði d-liðar 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skulu veitendur bankaþjónustu verðbréfamíðstöðva hafa fyrirframákveðið og mjög áreiðanlegt fjármögnunarfyrirkomulag til að tryggja að hægt sé að innleysa veðtryggingar, sem viðskiptavinur í vanskilum veitir, í peninga við óvenjulegar en sennilegar markaðsaðstæður. Í sömu reglugerð er veitanda bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar gert skylt að draga úr áhættu innan dags með auðseljanlegum veðtryggingum með lágmarks útlána- og markaðsáhættu. Þar sem seljanleiki þarf að vera mikill ætti veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðva að geta brugðist við hvers konar lausafjárþörf samdægurs. Í ljósi þess að veitendur bankaþjónustu verðbréfamíðstöðva kunna að starfa í fleiri en einu tímabelti ætti að beita ákvæðinu um að innleysa veðtryggingar í peninga með fyrirframákveðnu fjármögnunarfyrirkomulagi samdægurs, með hliðsjón af opnunartíma heimageriðslukerfis hvers einstaks gjaldmiðils sem það gildir um.
- 31) Ákvæði þessarar reglugerðar tengjast náið þar eð þau fjalla um varfærniskröfur fyrir verðbréfamíðstöðvar. Til að tryggja samfellu milli þessara ákvæða, sem ættu að taka gildi á sama tíma, og til að auðvelda ítarlega yfirsýn og þægilegt aðgengi að þeim fyrir einstaklinga sem falla undir þessar skyldur er æskilegt að fella alla tæknilegu eftirlitsstaðlana sem krafist er með reglugerð (ESB) nr. 909/2014 undir eina reglugerð.
- 32) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 33) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hafði náið samstarf við seðlabankakerfi Evrópu og Evrópsku verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnunina áður en hún lagði fram drögin að tæknilegu stöðlunum sem þessi reglugerð byggist á. Hún hefur einnig haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽²⁾,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

EIGINFJÁRRÖFUR FYRIR ALLAR VERÐBRÉFAMÍÐSTÖÐVAR SEM UM GETUR Í 47. GR. REGLUGERÐAR (ESB) NR. 909/2014,

1. gr.

Yfirlit um kröfur um eigið fé verðbréfamíðstöðvar

1. Að því er varðar 1.mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal verðbréfamíðstöð ávallt hafa yfir að ráða, ásamt óráðstöfuðu eigin fé og öðru eigin fé, þeirri fjárhæð eigin fjár sem tilgreind er í 3. gr. þessarar reglugerðar.

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/392 frá 11. nóvember 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um starfsleyfi, eftirlitskröfur og rekstrarlegar kröfur fyrir verðbréfamíðstöðvar (Stjttíð. ESB L 65, 10.3.2017, bls. 48).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. Þeim eiginfjárkröfum sem um getur í 3. gr. skal mætt með fjármagnsgerningum (e. *capital instruments*) sem uppfylla skilyrði 2. gr. þessarar reglugerðar.

2. gr.

Skilyrði um fjármagnsgerninga

1. Að því er varðar 1. gr. skal verðbréfamistöð hafa yfir að ráða fjármagnsgerningum sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - a) þeir eru skráð hlutafé í skilningi 22. gr. tilskipunar ráðsins 86/635/EBE ⁽¹⁾,
 - b) þeir hafa verið greiddir upp, þ.m.t. tengdir yfirverðsreikningar hlutfjár,
 - c) þeir standa að fullu straum af tapi ef um er að ræða áframhaldandi rekstrarhæfi,
 - d) komi til gjaldþrots eða slita víkja þeir fyrir öllum öðrum kröfum í meðferð vegna ógjaldfærni eða samkvæmt viðeigandi lögum um ógjaldfærni.
2. Í því skyni að uppfylla kröfur 1. gr. er verðbréfamistöð, sem er með leyfi í samræmi við a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 til að veita viðbótarbankaþjónustu, heimilt að nota, auk þeirra fjármagnsgerninga sem uppfylla skilyrði 1. mgr., fjármagnsgerninga sem:
 - a) uppfylla skilyrði 1. mgr.,
 - b) eru „eiginfjárgrunnsgerningar“ eins og skilgreint er í 119. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
 - c) lúta ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3. gr.

Fjárhæð eiginfjárfarfna fyrir verðbréfamistöð

1. Verðbréfamistöð skal hafa eigið fé, ásamt óráðstöfuðu eigin fé og öðru eigin fé, sem nemur ávallt a.m.k. samanlagðri fjárhæð:
 - a) eiginfjárfarfna verðbréfamistöðvar vegna rekstraráhættu, lagalegrar áhættu og vörsluáhættu sbr. a-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sem reiknaðar eru út í samræmi við 4. gr.,
 - b) eiginfjárfarfna verðbréfamistöðvar vegna fjárfestingaráhættu sbr. a-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sem reiknaðar eru út í samræmi við 5. gr.,
 - c) eiginfjárfarfna verðbréfamistöðvar vegna viðskiptaáhættu sbr. a-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sem reiknaðar eru út í samræmi við 6. gr.,
 - d) eiginfjárfarfna verðbréfamistöðvar vegna slita eða endurskipulagningar á starfsemi hennar sbr. b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sem reiknaðar eru út í samræmi við 7. gr.
2. Verðbréfamistöð skal hafa verklag til að greina allar þær tegundir áhættu sem um getur í 1. mgr.

4. gr.

Fjárhæð eiginfjárfarfna vegna rekstraráhættu, lagalegrar áhættu og vörsluáhættu

1. Verðbréfamistöð með leyfi, í samræmi við a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, til að veita viðbótarbankaþjónustu, og með heimild til að nota þróaðar mæliaðferðir, sem um getur í 321.–324. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal reikna út eiginfjárkröfur sínar vegna rekstraráhættu, lagalegrar áhættu og vörsluáhættu í samræmi við 231.–234. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana (Stjttíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1).

2. Verðbréfamiðstöð með leyfi, í samræmi við a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, til að veita viðbótarbankaþjónustu sem notar staðalaðferðina fyrir rekstraráhættu, sem um getur í 317.–320. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal reikna út eiginfjárkröfur sínar vegna rekstraráhættu, lagalegrar áhættu og vörsluáhættu í samræmi við ákvæði þeirrar reglugerðar sem gilda um staðalaðferðina fyrir rekstraráhættu sem um getur í 317.–320. gr. hennar.

3. Verðbréfamiðstöð sem uppfyllir eitthvert eftirfarandi skilyrða skal reikna út eiginfjárkröfur sínar vegna rekstraráhættu, lagalegrar áhættu og vörsluáhættu í samræmi við ákvæði grundvallaraðferðarinnar sem um getur í 315. og 316. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013:

- a) verðbréfamiðstöð sem hefur ekki leyfi í samræmi við 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- b) verðbréfamiðstöð sem hefur leyfi í samræmi við a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 en hefur ekki heimild til að nota þróaðar mæliaðferðir sem um getur í 321.–324. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- c) verðbréfamiðstöð sem hefur leyfi í samræmi við a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 en hefur ekki heimild til að nota staðalaðferðina sem um getur í 317.–320. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

5. gr.

Fjárhæð eiginfjárfkrafa vegna fjárfestingaráhættu

1. Verðbréfamiðstöð skal reikna út eiginfjárkröfur sínar vegna fjárfestingaráhættu sem samtölu eftirfarandi:

- a) 8% af áhættuvegnum áhættuskuldbindingum verðbréfamiðstöðvarinnar í tengslum við bæði:
 - i. útlánaáhættu í samræmi við 2. mgr.,
 - ii. útlánaáhættu mótaðila í samræmi við 3. mgr.,
- b) eiginfjárfkrafa verðbréfamiðstöðvar vegna markaðsáhættu í samræmi við 4. og 5. mgr.

2. Um útreikning á áhættuvegnum áhættuskuldbindingum verðbréfamiðstöðvar vegna útlánaáhættu gildir eftirfarandi:

- a) hafi verðbréfamiðstöð ekki leyfi til að veita viðbótarbankaþjónustu í samræmi við a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal hún beita staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu sem um getur í 107.–141. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ásamt ákvæðum 192.–241. gr. þeirrar reglugerðar um að draga úr útlánaáhættu,
- b) hafi verðbréfamiðstöð leyfi til að veita viðbótarbankaþjónustu, í samræmi við a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 en hefur ekki heimild til að nota innramatsaðferðina sem fjallað er um í 142.–191. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal verðbréfamiðstöðin beita staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu sem fjallað er um í 107.–141. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ásamt þeim ákvæðum um að draga úr útlánaáhættu sem er að finna í 192.–241. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- c) hafi verðbréfamiðstöð leyfi til að veita viðbótarbankaþjónustu í samræmi við a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og heimild til að nota innramatsaðferðina skal hún beita innramatsaðferðinni fyrir útlánaáhættu sem kveðið er á um í 142.–191. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ásamt þeim ákvæðum um að draga úr útlánaáhættu sem er að finna í 192.–241. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3. Til útreiknings á áhættuvegnum áhættuskuldbindingum verðbréfamiðstöðvar vegna útlánaáhættu mótaðila skal verðbréfamiðstöð nota bæði:

- a) eina af þeim aðferðum sem settar eru fram í 271.–282. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- b) heildaraðferð fjárhagslegra veðtrygginga með því að beita þeirri jöfnun flökts sem kveðið er á um í 220.–227. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

4. Verðbréfamiðstöð sem uppfyllir a.m.k. eitt eftirfarandi skilyrða skal reikna út eiginfjárkröfur sínar vegna markaðsáættu í samræmi við ákvæði 102.–106. gr. og 325.–361. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þ.m.t. með notkun undanþágu vegna lítils umfangs veltubókarviðskipta sem kveðið er á um í 94. gr. þeirrar reglugerðar:

- a) verðbréfamiðstöð sem hefur ekki leyfi í samræmi við a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- b) verðbréfamiðstöð sem hefur leyfi í samræmi við a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 en ekki heimild til að nota eigið líkan til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu.

5. Verðbréfamiðstöð með leyfi til að veita viðbótarbankþjónustu í samræmi við a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og með heimild til að nota eigin líkön til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu skal reikna út eiginfjárkröfur sínar vegna markaðsáættu í samræmi við 102.–106. gr. og 362.–376. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

6. gr.

Eiginfjárkröfur vegna viðskiptaáættu

1. Eiginfjárkröfur verðbréfamiðstöðvar vegna viðskiptaáættu skulu vera það sem hærra er af eftirfarandi:

a) Því mati sem leiðir af beitingu 2. mgr. að frádregnu því sem lægst er af eftirfarandi:

- i. hreinum tekjum eftir skatta á síðasta endurskoðaða fjárhagsári,
- ii. væntum hreinum tekjum eftir skatta á yfirstandandi fjárhagsári,
- iii. væntum hreinum tekjum eftir skatta á lengst um liðna fjárhagsári sem endurskoðuð afkoma liggur enn ekki fyrir um,

b) 25% af þeim árlega brúttó rekstrarkostnaði verðbréfamiðstöðvar sem um getur í 3. mgr.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skal verðbréfamiðstöð beita öllu eftirfarandi:

- a) meta nauðsynlegt eigið fé til að mæta tapi í tengslum við viðskiptaáættu á grundvelli neikvæðra sviðsmynda sem varða viðskiptalíkan hennar og eðlilegt er að telja fyrir sjáanlegar,
- b) skjalfesta forsendur og aðferðir sem notaðar eru til að meta vænt tap sem um getur í a-lið,
- c) endurskoða og uppfæra þær sviðsmyndir sem um getur í a-lið minnst árlega.

3. Við útreikning á árlegum brúttó rekstrarkostnaði verðbréfamiðstöðvar skal eftirfarandi gilda:

a) árlegur brúttó rekstrarkostnaður verðbréfamiðstöðvar skal samanstanda af a.m.k. eftirfarandi:

- i. heildarstarfmannakostnaði, þ.m.t. launum, kaupaukum og félagslegum gjöldum,
- ii. samanlögðum skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, einkum markaðskostnaði og kostnaði vegna fyrirsvars,
- iii. váttryggingarkostnaði,
- iv. öðrum starfsmannakostnaði og ferðakostnaði,
- v. fasteignakostnaði,
- vi. kostnaði vegna upplýsingatæknistuðnings,
- vii. fjarskiptakostnaði,
- viii. póstburðargjöldum og gagnaflutningskostnaði,
- ix. kostnaði vegna ytri ráðgjafar,
- x. afskriftum efnislegra og óefnislegra eigna,
- xi. virðisrýrnun og sölu fastafjármuna,

- b) árlegur brúttó rekstrarkostnaður verðbréfamistöðvar skal ákvarðaður í samræmi við eitt af eftirfarandi:
- alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) sem samþykktir hafa verið í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 ⁽¹⁾,
 - tilskipanir ráðsins 78/660/EBE ⁽²⁾, 83/349/EBE ⁽³⁾ og 86/635/EBE,
 - góðar reikningsskilavenjur í þriðja landi sem teljast jafngildar IFRS í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 ⁽⁴⁾ eða reikningsskilastaðla þriðja lands ef notkun þeirra er heimil í samræmi við 4. gr. þeirrar reglugerðar,
- c) verðbréfamistöð er heimilt að draga afskriftir efnislegra og óefnislegra eigna frá árlegum brúttó rekstrarkostnaði,
- d) verðbréfamistöð skal nota nýjustu endurskoðuðu upplýsingar úr ársreikningum sínum,
- e) hafi verðbréfamistöð ekki enn starfað í heilt ár frá því að hún hóf rekstur skal hún notast við þann árlega brúttó rekstrarkostnað sem áætlaður er í viðskiptaáætlun hennar.

7. gr.

Eiginfjárkröfur vegna slita eða endurskipulagningar

Verðbréfamistöð skal reikna út eiginfjárkröfur sínar vegna slita eða endurskipulagningar með því að gera eftirfarandi ráðstafanir í þessari röð:

- áætla tímamann sem þarf til slita eða endurskipulagningar fyrir allar álagssviðsmyndir sem um getur í viðaukanum með hætti sem samræmist áætluninni sem um getur í 2. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- deila í árlegan brúttó rekstrarkostnað verðbréfamistöðvarinnar, sem ákvarðaður er í samræmi við 3. mgr. 6. gr., með tólf („mánaðarlegur brúttó rekstrarkostnaður“),
- margfalda mánaðarlegan brúttó rekstrarkostnað sem um getur í b-lið með því sem lengra er af eftirfarandi:
 - tímabilinu sem um getur í a-lið,
 - sex mánuðum.

II. BÁLKUR

VIÐBÓTAREIGINFJÁRKRAFA FYRIR VERÐBRÉFAMIDSTÖÐVAR MEÐ LEYFI TIL AÐ BJÓÐA VIÐBÓTARBANKAÞJÓNUSTU OG FYRIR TILNEFNDAR LÁNASTOFNANIR SEM UM GETUR Í 54. GR. REGLUGERÐAR (ESB) NR. 909/2014

8. gr.

Viðbótareiginfjárfkrafa sem leiðir af lánveitingum innan hvers dags

1. Í þeim tilgangi að reikna út viðbótareiginfjárkröfu sem leiðir af lánveitingum innan dags, sbr. d-lið 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og e-lið 4. mgr. 54. gr. þeirrar reglugerðar, skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamistöðvar gera eftirfarandi ráðstafanir í þessari röð:

- hann skal reikna út, fyrir næstliðið almanaksár, meðaltal fimm hæstu útlánaáhættuskuldbindinga innan dags („hámarksáhættuskuldbindingar“) sem leiða af því að veita þá þjónustu sem sett er fram í C-þætti viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 909/2014,

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (Stjttíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1).

(2) Fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð (Stjttíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11).

(3) Sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans (Stjttíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 frá 21. desember 2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB (Stjttíð. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 66).

- b) hann skal beita frádragi á allar veðtryggingar sem móttæknar eru í tengslum við hámarksáhættuskuldbindingarnar og gera ráð fyrir að veðtryggingarnar tapi 5% af markaðsvirði sínu eftir beitingu frádrags í samræmi við 222.–227. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- c) hann skal reikna út meðaltal krafna um eiginfjárgrunn í tengslum við hámarksáhættuskuldbindingar sem reiknaðar eru út í samræmi við 2. mgr. með þeim hætti að litið sé á þessar áhættuskuldbindingar sem áhættuskuldbindingar í lok dags („viðbótareiginfjárfkra“).
2. Til að reikna út viðbótareiginfjárkröfuna sem um getur í 1. mgr. skulu stofnanir beita einni af eftirfarandi aðferðum:
- a) staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu sem um getur í 107.–141. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ef þær hafa ekki heimild til að nota innramatsaðferðina,
- b) innramatsaðferðinni og kröfum 142.–191. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ef þær hafa heimild til að nota innramatsaðferðina.
3. Beiti stofnanir staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu, í samræmi við a-lið 2. mgr., skal fjárhæð hvernar og einnar þeirra fimm hámarksáhættuskuldbindinga sem um getur í a-lið 1. mgr. teljast vera áhættuskuldbindingarvirði í skilningi 111. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar b-lið 1. gr. Kröfurnar í 4. kafla II. bóls þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem tengjast 111. gr. þeirrar reglugerðar skulu einnig gilda.
4. Beiti stofnanir innramatsaðferðinni fyrir útlánaáhættu í samræmi við b-lið 2. mgr., skal útistandandi fjárhæð hvernar þeirra fimm hámarksáhættuskuldbindinga sem um getur í a-lið 1. mgr. teljast vera áhættuskuldbindingarvirði í skilningi 166. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar b-lið 1. gr. Kröfurnar í 4. kafla II. bóls þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem tengjast 166. gr. þeirrar reglugerðar skulu einnig gilda.
5. Eiginfjárkröfur þessarar greinar skulu gilda í 12 mánuði eftir að leyfi fæst til að veita viðbótarbankaþjónustu skv. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

III. BÁLKUR

VARFÆRNISKRÖFUR SEM GILDA UM LÁNASTOFNANIR EÐA VERÐBRÉFAMÍÐSTÖÐVAR MEÐ LEYFI TIL AÐ VEITA VIÐBÓTARBANKAÞJÓNUSTU, EINS OG UM GETUR Í 59. GR. REGLUGERÐAR (ESB) NR. 909/2014

I. KAFLI

VEÐTRYGGINGAR OG ANNAÐ JAFNGILT FJÁRMAGN FYRIR ÚTLÁNA- OG LAUSAFJÁRÁHÆTTU

9. gr.

Almennar reglur um veðtryggingar og annað jafngilt fjármagn

1. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar skal uppfylla eftirfarandi skilyrði að því er varðar veðtryggingar:
- a) hann skal greina veðtryggingarnar á skýran hátt frá öðrum verðbréfum lántakandi þátttakandans,
- b) hann skal samþykkja veðtryggingu sem uppfyllir skilyrðin í 10. gr. eða aðrar tegundir veðtrygginga sem uppfylla kröfurnar í 11. gr. samkvæmt eftirfarandi forgangs röðun:
- i. í fyrsta lagi samþykkja sem veðtryggingu öll verðbréf á reikningi lántakandi þátttakanda sem uppfylla kröfur 10. gr., og þær eingöngu,
- ii. í öðru lagi samþykkja sem veðtryggingu öll verðbréf á reikningi lántakandi þátttakanda sem uppfylla kröfur 1. mgr. 11. gr., og þær eingöngu,

- iii. að lokum samþykkja sem veðtryggingu öll verðbréf á reikningi lántakandi þátttakanda sem uppfylla kröfur 2. mgr. 11. gr., innan marka tiltæks hæfs lausafjár sem um getur í 34. gr. með það fyrir augum að uppfylla lágmarkskröfuna um lausafé sem um getur í 3. mgr. 35. gr.,
 - c) hann skal minnst daglega kanna útlánagæði, seljanleika á markaði og verðflökt allra verðbréfa sem samþykkt eru sem veðtrygging og verðmeta þau í samræmi við 12. gr.,
 - d) hann skal tilgreina aðferðir í tengslum við frádrag sem beitt er á virði veðtryggingarinnar í samræmi við 13. gr.,
 - e) hann skal ganga úr skugga um að veðtryggingar séu nægilega dreifðar svo innlausn þeirra sé möguleg innan þeirra tímabila sem um getur í 10. og 11. gr. án verulegra áhrifa á markaðinn, í samræmi við 14. gr.
2. Veðtryggingar skulu veittar af mótaðilum samkvæmt samningi um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu eins og hann er skilgreindur í c-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB ⁽¹⁾ eða samningnum um framsal eignarréttar yfir fjárhagslegri tryggingu eins og hann er skilgreindur í b-lið 1. mgr. 2 gr. þeirrar tilskipunar.
3. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal uppfylla skilyrðin í 15. og 16 gr. að því er varðar annað jafngilt fjármagn.

10. gr.

Veðtryggingar sem varða d-lið 3. mgr. 59. gr. og d-lið 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014

1. Svo veðtrygging teljist vera í mestu gæðum að því er varðar d-lið 3. mgr. 59. gr. og d-lið 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal hún samanstanda af skuldagerningum sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
- a) þeir séu útgefnir af eða með beinni ábyrgð eins eftirfarandi aðila:
 - i. ríkis,
 - ii. seðlabanka,
 - iii. eins þeirra fjölþjóðlegu þróunarbanka sem taldir eru upp í 117. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
 - iv. Evrópska fjármálastöðugleikasjóðsins eða Evrópska stöðugleikakerfisins,
 - b) verðbréfamiðstöðin geti, á grundvelli eigin innra mats sem styðjist við skilgreinda og hlutlæga aðferðafræði sem byggist ekki eingöngu á ytra áliti og taki mið af landsáhættu þess tiltekna lands þar sem útgefandinn hefur staðfestu, sýnt fram á að þeim fylgi lítil útlána- og markaðsáhætta,
 - c) viðkomandi veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar geti stýrt þeirri áhættu sem tengist gjaldmiðli þeirra,
 - d) þeir séu framseljanlegir án takmarkana og lúti hvorki lagalegum takmörkunum né kröfum þriðja aðila sem hamli innlausn þeirra,
 - e) þeir uppfylli eina af eftirfarandi kröfum:
 - i. verslað sé með þá í beinni sölu eða með endurhverfum samningum á virkum markaði, í fjölbreyttum hópi kaupenda og seljanda, þ.m.t. við erfið skilyrði sem viðkomandi veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar hefur áreiðanlegan aðgang að,
 - ii. viðkomandi veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar geti innleyst þá með fyrirframákveðnu og mjög áreiðanlegu fjármögnunarfyrirkomulagi eins og um getur í e-lið 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og tilgreint er í 38. gr. þessarar reglugerðar,

(¹) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um fjárhagslegar tryggingaráðstafanir (Stjtíð. EB L 168, 27.6.2002, bls. 43).

- f) áreiðanleg verðgögn um slíka skuldagerninga séu birt minnst daglega,
- g) þeir séu auðveldlega tiltækir og innleysanlegir í peninga samdægurs.

2. Svo veðtrygging teljist vera í minni gæðum en um getur í 1. mgr. að því er varðar d-lið 3. mgr. 59. gr. og d-lið 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal hún samanstanda af framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- a) fjármálagerningarnir hafi verið gefnir út af útgefanda sem lítil útlánaáhætta fylgir á grundvelli fullnægjandi innra mats veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar, sem styðjist við skilgreinda og hlutlæga aðferðafræði sem byggist ekki eingöngu á ytra áliti og taki mið af áhættu sem stafar af staðfestu útgefandans í tilteknu landi,
- b) fjármálagerningunum fylgi lítil markaðsáhætta á grundvelli fullnægjandi innra mats veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar, sem styðjist við skilgreinda og hlutlæga aðferðafræði sem byggist ekki eingöngu á ytra áliti,
- c) viðkomandi veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar geti stýrt þeirri áhættu sem tengist gjaldmiðli þeirra,
- d) þeir séu framseljanlegir án takmarkana og lúti hvorki lagalegum takmörkunum né kröfum þriðja aðila sem hamli innlausn þeirra,
- e) þeir uppfylli aðra af eftirfarandi kröfum:
 - i. verslað sé með þá í beinni sölu eða með endurhverfum samningum á virkum markaði, í fjölbreyttum hópi kaupenda og seljenda sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar getur sýnt fram á að hann hafi áreiðanlegan aðgang að, þ.m.t. við erfið skilyrði,
 - ii. viðkomandi veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðva geti innleyst þá með fyrirframákveðnu og mjög áreiðanlegu fjármögnunarfyrikomulagi eins og um getur í e-lið 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og tilgreint er í 38. gr. þessarar reglugerðar,
- f) unnt sé að innleysa þá samdægurs,
- g) verðgögn um viðkomandi gerninga séu aðgengileg öllum, því sem næst í rauntíma,
- h) þeir séu ekki gefnir út af neinum af eftirfarandi:
 - i. þátttakandanum sem leggur fram veðtrygginguna né aðila sem er hluti af sömu samstæðu og þátttakandinn nema sé um að ræða sértryggt skuldabréf og þá aðeins ef eignirnar sem standa til tryggingar skuldabréfinu eru aðgreindar á viðeigandi hátt innan trausts lagaramma og uppfylla þær kröfur sem tilgreindar eru í þessari grein,
 - ii. veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar eða aðila sem er hluti af sömu samstæðu og veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar,
 - iii. aðila sem veitir þjónustu sem er mikilvæg fyrir starfsemi veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar nema sá aðili sé seðlabanki innan Sambandsins eða seðlabanki sem gefur út gjaldmiðil sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar er með áhættuskuldbindingar í,
- i. þeir falli ekki á annan hátt undir verulega fylgniáhættu í skilningi 291. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

11. gr.

Aðrar veðtryggingar

1. Aðrar tegundir veðtrygginga sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar notar skulu samanstanda af fjármálagerningum sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- a) þeir séu framseljanlegir án takmarkana og lúti hvorki lagalegum takmörkunum né kröfum þriðja aðila sem hamli innlausn þeirra,
- b) þeir séu gjaldgengir hjá seðlabanka í Sambandinu, ef veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar hefur reglulegan aðgang að lánsfé sem er ekki tilfallandi („venjubundinn aðgangur að lánsfé“) hjá þeim seðlabanka,

- c) veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvarinnar geti stýrt þeirri áhættu sem tengist gjaldmiðli þeirra,
 - d) veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvarinnar hafi komið á fyrirframákveðnu fjármögnunarfyrirkomulagi hjá þeirri tegund lánshæfrar fjármálastofnunar sem um getur í e-lið 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og tilgreind er í 38. gr. þessarar reglugerðar, sem kveður á um innlausn þessara gerninga í peninga samdægurs.
2. Að því er varðar c-lið 3. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skulu aðrar tegundir veðtrygginga sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar notar vera fjármálagerningar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
- a) þeir séu framseljanlegir án takmarkana og lúti hvorki lagalegum takmörkunum né kröfum þriðja aðila sem hamli innlausn þeirra,
 - b) veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvarinnar geti stýrt þeirri áhættu sem tengist gjaldmiðli þeirra,
 - c) veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvarinnar hefur hvort tveggja af eftirfarandi:
 - i. fyrirframákveðið fjármögnunarfyrirkomulag í samræmi við e-lið 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og sem tilgreint er í 38. gr. þessarar reglugerðar, svo unnt sé að innleysa viðkomandi gerninga innan fimm viðskiptadaga,
 - ii. hæft lausafé í samræmi við 34. gr. að fjárhæð sem nægir til að brúa tímabilið þar til slík veðtrygging hefur verið innleyst ef til vanskila þátttakanda kemur.

12. gr.

Verðmat veðtrygginga

1. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar skal setja stefnur og verklagsreglur um verðmat veðtrygginga sem tryggja eftirfarandi:
- a) að þeir fjármálagerningar sem um getur í 10. gr. séu metnir á markaðsvirði minnst daglega,
 - b) að þeir fjármálagerningar sem um getur í 11. mgr. 11. gr. séu metnir minnst daglega en sé slíkt daglegt mat ekki mögulegt séu þeir metnir á útreiknuðu virði,
 - c) að þeir fjármálagerningar sem um getur í 12. mgr. 11. gr. séu metnir minnst daglega en sé slíkt daglegt mat ekki mögulegt séu þeir metnir á útreiknuðu virði.
2. Þær aðferðir til mats á útreiknuðu virði sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. skulu skráðar ítarlega.
3. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar skal endurskoða hve fullnægjandi stefnur hans og verklagsreglur um verðmat eru í báðum eftirfarandi tilvikum:
- a) reglubundið, minnst árlega,
 - b) ef veruleg breyting hefur áhrif á stefnur og verklagsreglur um verðmat.

13. gr.

Frádrag

1. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar skal ákveða stig frádrags eins og hér segir:
- a) sé veðtrygging hæf hjá þeim seðlabanka þar sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar hefur venjubundinn aðgang að lánsfé má líta á það frádrag sem seðlabankinn beitir á þá tegund veðtryggingar sem lágmarksfrádrag,

- b) sé veðtrygging ekki hæf hjá þeim seðlabanka þar sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar hefur venjubundinn aðgang að lánsfé má líta á það frádrag sem seðlabankinn, sem gefur út gjaldmiðilinn sem fjármálagerningurinn er í, beittir á þá tegund veðtryggingar sem lágmarksfrádrag.
2. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar skal tryggja að í stefnum og verklagsreglum sínum um ákvörðun frádrags sé tekið tillit til þess möguleika að innleysa þurfi veðtrygginguna við erfiðar markaðsaðstæður og til tímans sem þarf til að innleysa hana.
3. Frádrag skal ákvarðað með tilliti til viðmiða sem máli skipta þ.m.t. alls eftirfarandi:
- a) tegundar eignar,
 - b) umfangs útlánaáættu sem tengist fjármálagerningnum,
 - c) útgáfulands eignarinnar,
 - d) líftíma eignarinnar,
 - e) sögulegs verðflökts og ímyndaðs (e. *hypothetical*) framtíðarverðflökts eignarinnar við erfiðar markaðsaðstæður,
 - f) seljanleika á undirliggjandi markaði, þ.m.t. verðbils kaup- og sölutilboða,
 - g) gjaldeyrisáættu, eftir atvikum,
 - h) fylgniáættu í skilningi 291. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þar sem við á.
4. Þau viðmið sem um getur í b-lið 3. mgr. skulu ákvörðuð með innra mati veitanda bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvarinnar sem grundvallast á skilgreindri og hlutlægri aðferð sem byggist ekki eingöngu á ytra áliti.
5. Verðbréf sem aðili innan sömu samstæðu og lántakinn lætur í té skulu ekki fá veðtryggingarvirði.
6. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar skal tryggja að frádrag sé reiknað út af varfærni til að takmarka sveiflumögnun að því marki sem unnt er.
7. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar skal tryggja að stefnur hans og verklagsreglur um frádrag séu sannreyndar minnst árlega af sjálfstæðri einingu veitanda bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvarinnar og að viðkomandi frádrag sé borið saman við viðmið seðlabankans sem gefur út viðkomandi gjaldmiðil og séu viðmið seðlabankans ekki aðgengileg, önnur viðeigandi viðmið.
8. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar skal endurskoða minnst daglega það frádrag sem er beitt.

14. gr.

Samþjöppunarmörk veðtrygginga

1. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar skal hafa stefnur og verklagsreglur um samþjöppunarmörk veðtrygginga sem fela í sér eftirfarandi:
- a) stefnur og verklag sem fylgja skal þegar brot á samþjöppunarmörkum á sér stað,
 - b) þær ráðstafanir sem beita skal til að draga úr áhættu ef farið er yfir samþjöppunarmörk sem skilgreind eru í stefnunum,
 - c) tímasetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar á ráðstöfunum skv. b-lið.

2. Samþjöppunarmörk innan heildarfjárhæðar móttækinnar veðtrygginga („tryggingasafns“) skulu sett að teknu tilliti til allra eftirfarandi viðmiða:

- a) einstakra útgefenda að teknu tilliti til skipulags samstæðu þeirra,
- b) lands útgefanda,
- c) tegundar útgefanda,
- d) tegundar eignar,
- e) uppgjörsgjaldmiðils,
- f) veðtrygginga með útlána-, lausafjár- og markaðsáhhættu yfir lágmarki,
- g) hæfis veðtrygginga sem standa því að baki að veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar fái venjubundinn aðgang að lánsfé hjá seðlabankanum sem er útgáfubankinn,
- h) hvers lántakandi þátttakanda,
- i) allra lántakandi þátttakenda,
- j) fjármálagerninga sem eru gefnir út af sams konar útgefendum út frá atvinnugrein, starfsemi, landsvæði,
- k) stigs útlánaáhhættu fjármálagerningsins eða útgefandans, sem ákvarðað er með innra mati veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar, á grundvelli skilgreindrar og hlutlægrar aðferðafræði sem byggist ekki eingöngu á ytra álit og tekur mið af áhhættu sem stafar af staðfestu útgefandans í tilteknu landi,
- l) seljanleika og verðflökts fjármálagerninganna.

3. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal tryggja að í hæsta lagi 10% af útlánaáhhættuskuldbindingu sinni innan hvers dags sé með ábyrgð eins og hér segir:

- a) stakrar lánastofnunar,
- b) fjármálastofnunar í þriðja landi sem lýtur og fylgir varfærnisreglum sem eru að minnsta kosti jafnstrangar og þær sem kveðið er á um í tilskipun 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 575/2013, í samræmi við 7. mgr. 114. gr. þeirrar reglugerðar,
- c) fyrirtækis sem er hluti af sömu samstæðu og stofnunin sem um getur í annað hvort a- eða b-lið.

4. Við útreikning á samþjöppunarmörkum veðtrygginga sem um getur í 2. mgr. skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar leggja saman heildaráhhættuskuldbindingu sína vegna staks mótaðila sem stafar af heildarfjárhæð lánalína, innlánsreikninga, tékkareikninga, peningamarkaðsgerninga og endurhverfra viðskipta sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar notar.

5. Við ákvörðun samþjöppunarmarkna veðtrygginga fyrir áhhættuskuldbindingu veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar gagnvart einstökum útgefanda skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar leggja saman og meðhöndla sem stakan áhhættuþátt þá áhhættu sína sem stafar af öllum fjármálagerningum sem gefnir eru út af útgefandanum eða aðila innan samstæðu hans og eru með beinni ábyrgð útgefandans eða aðila innan samstæðu hans.

6. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal tryggja að stefnur og verklagsreglur sínar um samþjöppunarmörk veðtrygginga séu ávallt fullnægjandi. Hann skal endurskoða samþjöppunarmörk veðtrygginga sinna minnst árlega og ávallt þegar veruleg breyting á sér stað sem hefur áhrif á áhhættugrunn veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar.

7. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal upplýsa lántakandi þátttakendur um viðeigandi samþjöppunarmörk veðtrygginga og um allar breytingar á þeim mörkum skv. 6. mgr.

15. gr.

Annað jafngilt fjármagn

1. Annað jafngilt fjármagn skal eingöngu samanstanda af fjármagni eða útlánavörn sem um getur í 2.–4. mgr. og þeim sem um getur í 16. gr.
2. Heimilt er að annað jafngilt fjármagn feli í sér viðskiptabankaábyrgðir sem veittar eru af lánshæfri fjármálastofnun sem uppfyllir kröfur 1. mgr. 38. gr. eða af hópi slíkra fjármálastofnana sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - a) þær séu gefnar út af útgefanda sem lítil útlánaáhætta fylgir á grundvelli fullnægjandi innra mats veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar sem styðjist við skilgreindar og hlutlægar aðferðir sem byggist ekki eingöngu á ytra áliti og taki mið af áhættu sem stafar af staðfestu útgefandans í tilteknu landi,
 - b) veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar geti stýrt áhættunni sem tengist gjaldmiðli þeirra á fullnægjandi hátt,
 - c) þær séu óafturkræfar, án skilyrða og engin lagaleg eða sammingsbundin undanþága eða valkostur geri útgefandanum kleift að andmæla greiðslu ábyrgðarinnar,
 - d) unnt sé að standa við þær, sé þess krafist, innan eins viðskiptadags á innlausnartímabili eignasafns lántakandi þátttakandans sem er í vanskilum, án takmarkana samkvæmt reglum eða lögum eða rekstrarlegra takmarkana,
 - e) þær séu ekki gefnar út af aðila sem er hluti af sömu samstæðu og lántakandi þátttakandinn sem ábyrgðin tekur til, né af aðila í starfsemi sem felur í sér að bjóða þjónustu sem er mikilvæg fyrir starfsemi veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar, nema sá aðili sé seðlabanki á Evrópska efnahagssvæðinu eða seðlabanki sem gefur út gjaldmiðil sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar er með áhættuskuldbindingar í,
 - f) þeim fylgi ekki veruleg fylgniáhætta í skilningi 291. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
 - g) þær séu tryggðar að fullu með veðtryggingu sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
 - i. henni fylgi ekki fylgniáhætta í skilningi 291. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 vegna fylgni við lánshæfi ábyrgðaraðilans eða lántakandi þátttakandans, nema dregið hafi verið úr fylgniáhættunni á fullnægjandi hátt með frádragi á veðtrygginguna,
 - ii. veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar hafi skjótan aðgang að veðtryggingunni og hún sé gjaldþrotsvarin (e. *bankruptcy remote*) ef til samtímis vanskila lántakandi þátttakandans og ábyrgðaraðilans kemur,
 - iii. stjórn veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar hafi staðfest hæfi ábyrgðaraðilans eftir fullt mat á útgefandanum og laga-, sammings- og rekstrarramma ábyrgðarinnar í því skyni að fá mikla vissu um skilvirkni ábyrgðarinnar, og tilkynnt viðeigandi lögbæru yfirvaldi um það í samræmi við 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
3. Heimilt er að annað jafngilt fjármagn feli í sér bankaábyrgðir sem gefnar eru út af seðlabanka og uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - a) þær eru gefnar út af seðlabanka innan Sambandsins eða seðlabanka sem gefur út gjaldmiðil sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar er með áhættuskuldbindingar í,
 - b) veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar geti stýrt áhættunni sem tengist gjaldmiðli þeirra á fullnægjandi hátt,
 - c) þær séu óafturkræfar og skilyrðislausar og seðlabankinn sem gefur þær út geti ekki reitt sig á neina lagalega eða sammingsbundna undanþágu eða valkost sem geri útgefanda kleift að andmæla greiðslu ábyrgðarinnar,
 - d) staðið sé við þær innan eins viðskiptadags.

4. Heimilt er að annað jafngilt fjármagn feli í sér eigið fé, að frádregnum eiginfjárkröfum 1.–8. gr., en einungis í þeim tilgangi að mæta áhættuskuldbindingum gagnvart seðlabönkum, fjölpjóðlegum þróunarbönkum og alþjóðastofnunum sem ekki eru undanþegin í samræmi við 2. mgr. 23. gr.

16. gr.

Annað jafngilt fjármagn vegna áhættuskuldbindingar í rekstrarsamhæfðum tengingum

Heimilt er að annað jafngilt fjármagn feli í sér bankaábyrgðir og ábyrgðir til tryggingar útlánaáhættuskuldbindingum milli verðbréfamiðstöðva sem koma á rekstrarsamhæfðum tengingum, sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- a) þær tryggi einungis útlánaáhættuskuldbindingar milli samtengdu verðbréfamiðstöðvanna tveggja,
- b) þær hafi verið gefnar út af hópi lánshæfra fjármálastofnana sem uppfylla kröfur 1. mgr. 38. gr., þar sem hverri þessara fjármálastofnana sé skylt að greiða hluta af þeirri heildarfjárhæð sem kveðið er á um í samningi,
- c) veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar geti stýrt áhættunni sem tengist gjaldmiðli þeirra á fullnægjandi hátt,
- d) þær séu óafturkræfar og skilyrðislausar og stofnanirnar sem gefa þær út geti ekki reitt sig á neina lagalega eða sammingsbundna undanþágu eða valkost sem geri útgefanda kleift að andmæla greiðslu ábyrgðarinnar,
- e) unnt sé að standa við þær þegar þess er krafist, án takmarkana samkvæmt reglum eða lögum eða rekstrarlegra takmarkana,
- f) þær séu ekki gefnar út af:
 - i. aðila sem er hluti af sömu samstæðu og verðbréfamiðstöðin sem er lántaki eða verðbréfamiðstöðin með áhættuskuldbindingu sem tryggð er með bankaábyrgðinni og ábyrgðunum,
 - ii. aðila með starfsemi sem felur í sér að veita þjónustu sem er mikilvæg fyrir starfsemi veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar,
- g) þeim fylgi ekki veruleg fylgniáhætta í skilningi 291. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- h) veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar fylgist reglulega með lánshæfi þeirra fjármálastofnana sem gefa þær út með því að meta lánshæfi þeirra sjálfstætt og gefa og endurskoða reglulega innri lánshæfiseinkunnir fyrir hverja fjármálastofnun,
- i) unnt sé að standa við þær á innlausnartímabilinu innan þriggja viðskiptadaga frá þeim tímapunkti sem sá veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar sem er í vanskilum stendur ekki við greiðsluskuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla,
- j) nægilega há fjárhæð hæfs lausafjár eins og um getur í 34. gr. sé tiltæk til að brúa tímabilið þar til standa þarf við bankaábyrgðir og ábyrgðir, komi til vanskila einnar samtengdu verðbréfamiðstöðvanna,
- k) dregið sé úr áhættunni í tengslum við að hópurinn greiði ekki fulla fjárhæð bankaábyrgðarinnar og ábyrgðarinnar, með því að:
 - i. setja viðeigandi samþjöppunarmörk sem tryggi að engin fjármálastofnun, þ.m.t. móðurfélag og dótturfélög hennar, sem er hluti af hópnum gangist í ábyrgð fyrir meira en 10% af heildarfjárhæð ábyrgðarinnar,
 - ii. takmarka þá útlánaáhættuskuldbindingu sem tryggð er með bankaábyrgðinni og ábyrgðunum við heildarfjárhæð bankaábyrgðarinnar að frádregnum annaðhvort 10% af heildarfjárhæðinni eða þeirri fjárhæð sem þær tvær lánastofnanir sem ábyrgjast stærsta hluta heildarfjárhæðarinnar ábyrgjast, eftir því hvort er lægra,
 - iii. gera viðbótarráðstafanir til að draga úr áhættu, svo sem samkomulag um skiptingu taps sem er skilvirkt og hefur skýrt skilgreindar reglur og verklag,
- l) ráðstafanirnar séu prófaðar og endurskoðaðar reglubundið skv. 3. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

II. KAFLI

VARFÆRNISRAMMI UM ÚTLÁNA- OG LAUSAFJÁRÁHÆTTU

17. gr.

Almenn ákvæði

1. Að því er varðar varfærniskröfur sem tengjast útlánaáhættu sem stafar af því að veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar veitir viðbótarbankaþjónustu, fyrir hvert verðbréfauppgjörskerfi, eins og um getur í 3. og 5. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar uppfylla allar kröfur sem settar eru fram í þessum kafla um eftirlit, mælingu, stýringu, upplýsingagjöf og opinbera birtingu upplýsinga um útlánaáhættu að því er varðar eftirfarandi:

- a) útlánaáhættu innan dags og yfir nótt,
- b) viðkomandi veðtryggingar og annað jafngilt fjármagn sem notað er í tengslum við þá áhættu sem um getur í a-lið,
- c) hugsanlegar eftirstandandi útlánaáhættuskuldbindingar,
- d) endurgreiðslureglur og sektarhlutföll.

2. Að því er varðar varfærniskröfur sem tengjast lausafjáráhættu sem stafar af því að veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar veitir viðbótarbankaþjónustu, fyrir hvert verðbréfauppgjörskerfi, eins og um getur 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, skal viðkomandi veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar uppfylla eftirfarandi:

- a) kröfur 2. þáttar um eftirlit með, mælingu á, stýringu á, upplýsingagjöf og opinbera birtingu upplýsinga um lausafjáráhættu,
- b) kröfur reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um eftirlit með, mælingu á, stýringu á, upplýsingagjöf og opinbera birtingu upplýsinga um aðra lausafjáráhættu en fjallað er um í a-lið.

1. ÞÁTTUR

Útlánaáhætta

18. gr.

Rammi um stýringu útlánaáhættu

1. Að því er varðar a-lið 1. mgr. 17. gr. skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar móta og hrinda í framkvæmd stefnum og verklagi sem uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) fela í sér mælingu á útlánaáhættu innan dags og yfir nótt í samræmi við 1. undirþátt,
- b) fela í sér eftirlit með útlánaáhættu innan dags og yfir nótt í samræmi við 2. undirþátt,
- c) fela í sér stýringu á útlánaáhættu innan dags og yfir nótt í samræmi við 3. undirþátt,
- d) fela í sér mælingu á, eftirlit með og stýringu á veðtryggingum og öðru jafngildu fjármagni, eins og um getur í c- og d-lið 3. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, í samræmi við I. kafla þessarar reglugerðar,
- e) fela í sér greiningu og áætlanagerð um það hvernig skuli meðhöndla hugsanlegar eftirstandandi útlánaáhættuskuldbindingar, í samræmi við 4. undirþátt,
- f) fela í sér stýringu á endurgreiðsluferlum og sektarhlutföllum hans, í samræmi við 5. undirþátt,
- g) fela í sér upplýsingagjöf um útlánaáhættu hans í samræmi við 6. undirþátt,
- h) fela í sér að greint sé opinberlega frá útlánaáhættu hans í samræmi við 7. undirþátt.

2. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar skal endurskoða þær stefnur og verklag sem um getur í 1. mgr. minnst árlega.
3. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar skal einnig endurskoða þessar stefnur og verklag hvenær sem annað tveggja eftirfarandi á sér stað og þegar önnur hvor breytinganna sem um getur í a- eða b-lið hefur áhrif á áhættugrunn veitanda bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvarinnar:
 - a) stefnurnar og verklagið breytast verulega,
 - b) veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvarinnar gerir breytingu að eigin vali í kjölfar matsins sem um getur í 19. gr.
4. Stefnurnar og verklagið sem um getur í 1. mgr. skulu fela í sér samningu og uppfærslu á skýrslu um útlánaáhættu. Sú skýrsla skal taka til eftirfarandi:
 - a) þeirra mælivísa sem um getur í 19. gr.,
 - b) frádrags sem beitt er í samræmi við 13. gr. sem skal greint frá eftir tegund veðtryggingar,
 - c) breytinga á þeim stefnum og því verklagi sem um getur í 3. mgr.
5. Skýrslan sem um getur í 4. mgr. skal lúta mánaðarlegri endurskoðun viðkomandi nefnda sem stjórn veitanda bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvarinnar setur á fót. Sé veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar lánastofnun sem verðbréfamíðstöð hefur tilnefnt í samræmi við b-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal skýrslan sem um getur í 4. mgr. einnig gerð tiltæk einu sinni í mánuði fyrir áhættunefnd verðbréfamíðstöðvarinnar sem sett er á fót skv. 48. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/392.
6. Fari veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar yfir ein eða fleiri samþjöppunarmörk sem um getur í 14. gr. skal hann án tafar tilkynna um það til viðkomandi nefndar sinnar sem hefur áhættueftirlit með höndum og, sé hann lánastofnun sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar, skal hann án tafar gera áhættunefnd verðbréfamíðstöðvarinnar viðvart.

1. undirþáttur

Mæling útlánaáhættu

19. gr.

Mæling útlánaáhættu innan dags

1. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar skal greina og mæla útlánaáhættuskuldbindingar innan dags og áætla hámark útlánaáhættuskuldbindinga innan dags með rekstrar- og greiningartækjum sem greina og mæla útlánaáhættuskuldbindingar innan dags og sem skrá einkum alla eftirfarandi mælivísa fyrir hvern mótaðila:
 - a) hámark og meðaltal útlánaáhættuskuldbindinga innan dags fyrir viðbótarbankaþjónustu sem um getur í C-þætti viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 909/2014,
 - b) hámark og meðaltal útlánaáhættuskuldbindinga innan dags á hvern lántakandi þáttakanda og nánari sundurliðun á veðtryggingum fyrir þessum útlánaáhættuskuldbindingum,
 - c) hámark og meðaltal útlánaáhættuskuldbindinga innan dags vegna annarra mótaðila og, séu þær tryggðar með veði, nánari sundurliðun á veðtryggingum fyrir þessum útlánaáhættuskuldbindingum innan dags,
 - d) heildarfjárhæð lánalína innan dags sem veittar eru þátttakendum,
 - e) frekari sundurliðun á útlánaáhættuskuldbindingum sem um getur í b- og c-liðum skal taka til eftirfarandi:
 - i. veðtrygginga sem uppfylla kröfurnar í 10. gr.,
 - ii. annarra veðtrygginga í samræmi við 1. mgr. 11. gr.,

- iii. annarra veðtrygginga í samræmi við 2. mgr. 11. gr.,
 - iv. annars jafngilds fjármagns í samræmi við 15. og 16. gr.
2. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamistöðva skal framkvæma mælinguna sem um getur í 1. mgr. á viðvarandi grundvelli.

Sé ekki unnt að greina og mæla útlánaáhættu innan dags á viðvarandi grundvelli vegna þess að það er háð því að ytri gögn séu tiltæk skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamistöðvarinnar mæla útlánaáhættuskuldbindingar innan dags eins oft og unnt er og minnst daglega.

20. gr.

Mæling útlánaáhættuskuldbindinga yfir nótt

Veitandi bankaþjónustu verðbréfamistöðvar skal mæla útlánaáhættuskuldbindingar yfir nótt fyrir þá viðbótarbankaþjónustu sem um getur í C-þætti viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 909/2014 með því að skrá daglega útstandandi útlánaáhættuskuldbindingar frá deginum á undan, við lok viðskiptadags.

2. undirþáttur

Eftirlit með útlánaáhættu

21. gr.

Eftirlit með útlánaáhættuskuldbindingum innan dags

Til eftirlits með útlánaáhættu innan dags skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamistöðvar einkum:

- a) hafa viðvarandi eftirlit í gegnum sjálfvirkt tilkynningakerfi með útlánaáhættuskuldbindingum innan dags sem stafa af viðbótarbankaþjónustu sem um getur í C-þætti viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 909/2014,
- b) halda, yfir minnst 10 ára tímabil, skrá yfir hápunkt dagsins og meðaltal útlánaáhættuskuldbindinga innan dags sem stafa af viðbótarbankaþjónustu sem um getur í C-þætti viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 909/2014,
- c) skrá útlánaáhættuskuldbindingar innan dags sem stafa af hverjum þeim aðila sem stofnað er til áhættuskuldbindinga innan dags vegna, þ.m.t. eftirfarandi:
 - i. útgefendum,
 - ii. þátttakendum í verðbréfauppgjörskerfinu sem verðbréfamistöðin rekur, fyrir einstaka aðila og samstæðustigi,
 - iii. verðbréfamistöðvum með rekstrarsamhæfðar tengingar,
 - iv. bönkum og öðrum fjármálastofnunum sem notaðar eru til að inna af hendi og taka við greiðslum,
- d) lýsa ítarlega hvernig ramminn um stýringu útlánaáhættu tekur til gagnhæðis og þeirra margþættu tengsla sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamistöðvar kann að hafa við hvern þeirra aðila sem um getur í c-lið,
- e) tilgreina, fyrir hvern mótaðila, hvernig veitandi bankaþjónustu verðbréfamistöðvarinnar vaktar samþjöppun útlánaáhættuskuldbindinga innan dags, þ.m.t. áhættuskuldbindingar vegna aðila í samstæðum sem fela í sér þá aðila sem taldir eru upp í c-lið,
- f) tilgreina hvernig veitandi bankaþjónustu verðbréfamistöðvarinnar metur hve fullnægjandi frádragið sem beitt er á móttekna veðtryggingar er,
- g) tilgreina hvernig veitandi bankaþjónustu verðbréfamistöðvarinnar hefur eftirlit með tryggingarþekju útlánaáhættuskuldbindinga og þekju útlánaáhættuskuldbindinga með öðru jafngildu fjármagni.

22. gr.

Eftirlit með útlánaáættu yfir nótt

Til eftirlits með útlánaáættuskuldbindingum yfir nótt skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar, í tengslum við útlán yfir nótt:

- a) halda skrá yfir summu raunstöðu útlánaáættuskuldbindinga í dagslok, í minnst 10 ár,
- b) skrá daglega þær upplýsingar sem um getur í a-lið.

3. undirþáttur

Stýring útlánaáættu innan dags

23. gr.

Almennar kröfur um stýringu útlánaáættu innan dags

1. Til stýringar á útlánaáættu innan dags skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar:
 - a) tilgreina hvernig hann metur gerð og rekstur ramma síns um stýringu útlánaáættu sem tengist allri þeirri starfsemi sem talin er upp í C-þætti viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 909/2014,
 - b) einungis veita lánalínur sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar getur felld niður skilyrðislaust hvenær sem er og án fyrirvara gagnvart lántakandi þátttakendum í verðbréfauppgjörskerfinu sem verðbréfamiðstöðin rekur,
 - c) sé bankaábyrgð sem um getur í 16. gr. notuð í rekstrarsamhæfðum tengingum skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar meta og greina innbyrðis tengsl (e. *interconnectedness*) sem kunna að verða til vegna þess að sömu þátttakendur veita þá bankaábyrgð.
2. Eftirfarandi áættuskuldbindingar skulu undanþegar beitingu 9.–15. gr. og 24. gr.:
 - a) áættuskuldbindingar vegna aðila að seðlabankakerfi Evrópu og annarra stofnana aðildarríkja sem gegna sambærilegum hlutverkum og annarra opinberra aðila í Sambandinu sem hafa með höndum eða hafa afskipti af stýringu á opinberum skuldum,
 - b) áættuskuldbindingar vegna eins þeirra fjölbjóðlegu þróunarbanka sem taldir eru upp í 2. mgr. 117. mgr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
 - c) áættuskuldbindingar vegna einnar þeirra alþjóðastofnana sem taldar eru upp í 118. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
 - d) áættuskuldbindingar vegna opinberra aðila í skilningi 8. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ef þeir eru í eigu ríkja og ríki ábyrgjast útlánaáættuskuldbindingar þeirra með beinum ráðstöfunum,
 - e) áættuskuldbindingar vegna seðlabanka þriðju landa sem eru í innlendum gjaldmiðli þess seðlabanka, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin hafi samþykkt framkvæmdargerð í samræmi við 7. mgr. 114. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem staðfestir að viðkomandi þriðja land teljist beita eftirlits- og reglufyrirkomulagi sem jafngildir a.m.k. því sem beitt er í Sambandinu.

24. gr.

Lánamörk

Í þeim tilgangi að stýra útlánaáættu innan dags og við setningu lánamarka gagnvart einstökum lántakandi þátttakendum á samstæðustigi, skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar fara að öllu eftirfarandi:

- a) meta lánshæfi lántakandi þátttakandans á grundvelli aðferða sem byggjast ekki eingöngu á ytra áliti,

- b) sannreyna hvort veðtryggingar og annað jafngilt fjármagn sem þátttakandi veitir til tryggingar útlánaáhættuskuldbindingum innan dags uppfylla kröfur 9. og 15. gr., í sömu röð,
- c) setja lánamörk gagnvart lántakandi þátttakanda á grundvelli margþættra tengsla veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar við lántakandi þátttakandans, þ.m.t. þegar veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar veitir sama þátttakanda fleiri en eina tegund viðbótarkafaþjónustu af þeim sem um getur í C-þætti viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 909/2014,
- d) taka tillit til magns hæfs lausafjár í samræmi við 34. gr.,
- e) endurskoða lánamörk gagnvart lántakandi þátttakanda með það fyrir augum að tryggja hvort tveggja af eftirfarandi:
 - i. að lánamörk séu endurskoðuð eða lækkuð þegar lánshæfi lántakandi þátttakanda minnkar,
 - ii. að dregið sé úr lánsfé í boði ef virði veðtrygginga sem lántakandi þátttakandi hefur lagt fram minnkar,
- f) endurskoða lánalínur sem veittar eru lántakandi þátttakendum minnst árlega á grundvelli raunverulegrar notkunar þeirra á lánsfé,
- g) tryggja að fjárhæð útlánaáhættu yfir nótt sé samþætt notkun þeirra lánamarka sem veitt eru þátttakandanum,
- h) tryggja að sú fjárhæð útlána yfir nótt sem hefur ekki verið endurgreidd sé talin með í næsta dags áhættuskuldbindingum innan dags og takmörkuð við lánamörkin.

4. undirþáttur

Hugsanlegar eftirstandandi útlánaáhættuskuldbindingar

25. gr.

Hugsanlegar eftirstandandi útlánaáhættuskuldbindingar

1. Þær stefnur og verklag sem um getur í 1. mgr. 18. gr. skulu tryggja að hugsanlegum eftirstandandi útlánaáhættuskuldbindingum sé stýrt, þ.m.t. við aðstæður þar sem virði veðtrygginga og annars jafngilds fjármagns eftir innlausn nægir ekki til að mæta útlánaáhættuskuldbindingum veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar.
2. Slíkar stefnur og verklagsreglur skulu:
 - a) tilgreina hvernig hugsanlega óvörðu útlánatapi er úthlutað, þ.m.t. endurgreiðslu fjármuna sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar kann að taka að láni hjá viðskiptavökum (e. *liquidity providers*) til að mæta tímabundnum lausafjárskorti sem tengist slíku tapi,
 - b) fela í sér viðvarandi mat á þróun markaðsaðstæðna sem tengjast virði veðtrygginga eða annars jafngilds fjármagns eftir innlausn og kunna að leiða til hugsanlegrar eftirstandandi útlánaáhættuskuldbindingar,
 - c) tilgreina að matinu sem um getur í b-lið skuli fylgja verklagsreglur sem tilgreina:
 - i. þær ráðstafanir sem gera skal til að bregðast við þeim markaðsaðstæðum sem um getur í b-lið,
 - ii. tímasetningu þeirra ráðstafana sem um getur í i-lið,
 - iii. allar uppfærslur á rammanum um stýringu útlánaáhættu sem leiða af þeim markaðsaðstæðum sem um getur í b-lið.
3. Upplýsa skal áhættunefnd veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar og, eftir atvikum, áhættunefnd verðbréfamiðstöðvarinnar um alla áhættu sem kann að valda hugsanlegum eftirstandandi útlánaáhættuskuldbindingum, auk þess sem upplýsa skal lögbæra yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 tafarlaust um slíka áhættu.

4. Greina skal og endurskoða á sex mánaða fresti þróun á markaði og í starfsemi sem hefur áhrif á útlánaáhættuskuldbindingar innan dags og tilkynna um slíka þróun til áhættunefndar veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar og, eftir atvikum, áhættunefndar verðbréfamiðstöðvarinnar.

5. undirþáttur

Endurgreiðslureglur og sektarhlutföll

26. gr.

Endurgreiðslureglur vegna útlána innan dags

1. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal hafa skilvirkar endurgreiðslureglur vegna útlána innan dags, sem fullnægja kröfum 2. og 3. mgr.
2. Endurgreiðslureglur vegna útlána innan dags skulu kveða á um sektarhlutföll sem hafa nægileg varnaðaráhrif gegn útlánaáhættu yfir nótt og sem einkum uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:
 - a) þau séu hærri en vextir daglána gegn veði á millibankapeningamarkaði og almennir útlánsvextir (*e. marginal lending rate*) seðlabanka sem gefur út gjaldmiðil útlánaáhættuskuldbindingarinnar,
 - b) þau taki mið af fjármögnunarkostnaði gjaldmiðils útlánaáhættuskuldbindingarinnar og lánshæfis þátttakandans sem er með útlánaáhættuskuldbindingu yfir nótt.

6. undirþáttur

Upplýsingagjöf um útlánaáhættu

27. gr.

Upplýsingagjöf til yfirvalda um stýringu áhættu innan dags

1. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar er upplýsingaskyldur gagnvart lögbæra yfirvaldinu sem um getur í 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 909/2014.
2. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal uppfylla allar eftirfarandi upplýsingaskyldur:
 - a) hann skal minnst árlega leggja fram yfirlýsingu um eigindlega þætti sem tilgreinir þær aðgerðir sem gripið er til í tengslum við það hvernig útlánaáhætta, þ.m.t. útlánaáhætta innan dags, er mæld, vöktuð og henni stýrt,
 - b) hann skal tilkynna um allar verulegar breytingar á aðgerðum sem gripið er til í samræmi við a-lið, án tafar eftir að slíkar verulegar breytingar eiga sér stað,
 - c) hann skal mánaðarlega leggja fram þá mælivísa sem um getur í 19. gr.
3. Uppfylli veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar ekki, eða eigi hann á hættu að uppfylla ekki, kröfur þessarar reglugerðar, þ.m.t. á álagstímum, skal hann án tafar gera viðeigandi lögbæru yfirvaldi viðvart og án ótilhlýðilegrar tafar leggja ítarlega áætlun um tímanlegar úrbætur fyrir það lögbæra yfirvald.
4. Þar til kröfur þessarar reglugerðar og reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 eru uppfylltar að nýju skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar veita upplýsingar um þau atriði sem um getur í 2. mgr., eins og við á, í lok hvers viðskiptadags nema viðkomandi lögbært yfirvald heimili fátíðari upplýsingagjöf og að tilkynningarfrestur sé lengri að teknu tilliti til hinnar tilteknu stöðu viðkomandi veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar og þess hve umfangsmikil og margþætt starfsemi hans er.

7. undirþáttur

Opinber birting

28. gr.

Opinber birting

Að því er varðar h-lið 1. mgr. 18. gr. skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar árlega birta opinberlega ítarlega yfirlýsingu um eigindlega þætti sem tilgreinir hvernig útlánaáætla, þ.m.t. útlánaáætla innan dags, er mæld, vöktuð og henni stýrt.

2. ÞÁTTUR

Lausafjárahætta

29. gr.

Almennar reglur um lausafjárahættu

1. Að því er varðar a-lið 2. mgr. 17. gr. skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar móta og hrinda í framkvæmd stefnum og verklagi sem:

- a) fela í sér mælingu á lausafjárahættu innan dags og yfir nótt í samræmi við 1. undirþátt,
- b) fela í sér eftirlit með lausafjárahættu innan dags og yfir nótt í samræmi við 2. undirþátt,
- c) fela í sér stýringu á lausafjárahættu í samræmi við 3. undirþátt,
- d) fela í sér upplýsingagjöf um lausafjárahættu innan dags og yfir nótt í samræmi við 4. undirþátt,
- e) fela í sér birtingu upplýsinga um rammann og tækin til eftirlits, mælinga, stýringar og upplýsingagjafar um lausafjárahættu í samræmi við 5. undirþátt.

2. Allar breytingar á heildarramma lausafjárahættu skulu tilkynntar til stjórnar veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar.

1. undirþáttur

Mæling lausafjárahættu innan dags

30. gr.

Mæling lausafjárahættu innan dags

1. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal koma sér upp skilvirkum rekstrar- og greiningartækjum til að mæla, á viðvarandi grundvelli, eftirfarandi mælivísa fyrir hvern viðkomandi gjaldmiðil:

- a) hámarkslausafjárnotkun innan dags, reiknaða út með því að nota stærstu jákvæðu, hreinu, uppsöfnuðu stöðu og stærstu neikvæðu, hreinu, uppsöfnuðu stöðu,
- b) tiltækt heildarlausafé innan dags í upphafi viðskiptadags, sundurliðað í alla eftirfarandi liði:
 - i. hæft lausafé eins og tilgreint er í 34. gr.
 - peningainnstæður hjá seðlabanka sem er útgáfubankinn,
 - tiltækar peningainnstæður hjá öðrum lánshæfum fjármálastofnunum eins og getur í 1. mgr. 38. gr.,
 - skuldbindandi (e. *committed*) lánalínur eða svipað fyrirkomulag,

- eignir sem uppfylla þær kröfur 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar sem gilda um veðtryggingar, eða fjármálagerninga sem uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í framseldri reglugerð (ESB) 2017/392, sem eru auðveldlega tiltæk og innleysanleg í peninga með fyrirframákveðnu og mjög áreiðanlegu fjármögnunar-fyrirkomulagi, eins og um getur í 38. gr.,
 - þær veðtryggingar sem um getur í 10. gr. og 1. mgr. 11. gr.,
- ii. annað en hæft lausafé, þ.m.t. óskuldbindandi (e. *uncommitted*) lánalínur,
- c) heildarvirði alls eftirfarandi:
- i. lausafjárústreymis innan dags, þ.m.t. þess sem hefur sérstök tímamörk innan dags,
 - ii. skuldbindinga um uppgjör í peningum í öðrum verðbréfauppgjörskerfum sem sú verðbréfamiðstöð, sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar kemur fram sem uppgjörsaðili fyrir, þarf að gera upp stöður vegna,
 - iii. skuldbindinga í tengslum við markaðsstarfsemi veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar, s.s. um afhendingu eða skil vegna peningamarkaðsviðskipta eða um tryggingagreiðslur (e. *margin payments*),
 - iv. annarra greiðslna sem hafa mikla þýðingu fyrir orðstír verðbréfamiðstöðvarinnar og veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar.
2. Fyrir hvern gjaldmiðil verðbréfauppgjörskerfanna sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar er uppgjörsaðili fyrir skal hann hafa eftirlit með þeirri lausafjárþörf sem fylgir hverjum aðila sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar hefur tekið á sig lausafjáraðttuskuldbindingu gagnvart.

31. gr.

Mæling lausafjáraðttu yfir nótt

Í tengslum við lausafjáraðttu yfir nótt skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar bera saman, á viðvarandi grundvelli, lausafjástöðu sína og lausafjárþarfir sínar þegar slíkar þarfir leiða af útlánum yfir nótt, fyrir hvern uppgjörgjaldmiðil í þeim verðbréfauppgjörskerfum sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar er uppgjörsaðili fyrir.

2. undirþáttur

Eftirlit með lausafjáraðttu innan dags

32. gr.

Eftirlit með lausafjáraðttu innan dags

1. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðva skal gera og viðhalda skýrslu um lausafjáraðttu innan dags sem hann tekur á sig. Í slíkri skýrslu skulu a.m.k. koma fram:

- a) þeir mælivísar sem um getur í 1. mgr. 30. gr.,
- b) áhættuvilji veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar,
- c) áætlun um varúðarfjármögnun sem lýsir þeim úrræðum sem beita skal þegar brotið er í bága við skilgreind viðmið um áhættuvilja

Áhættunefnd veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar og áhættunefnd verðbréfamiðstöðvarinnar skulu endurskoða skýrsluna sem um getur í fyrstu undirgrein mánaðarlega.

2. Fyrir hvern uppgjörgjaldmiðil í verðbréfauppgjörkerfinu sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar er uppgjörsaðili fyrir skal hann hafa skilvirk rekstrar- og greiningartæki til að vakta, nálægt rauntíma eða í rauntíma, lausafjástöður sínar innan dags miðað við vænta starfsemi og tiltækt fjármagn á grundvelli staðna og eftirstandandi lausafjárgetu innan dags. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðva skal:

- a) halda, í a.m.k. 10 ár, skrá um stærstu jákvæðu, hreinu, uppsöfnuðu stöðu innan dags og stærstu neikvæðu, hreinu, uppsöfnuðu stöðu innan dags fyrir hvern uppgjörgjaldmiðil í verðbréfauppgjörkerfinu sem hann er uppgjörsaðili fyrir,

- b) hafa eftirlit með lausafjárahættuskuldbindingum sínum á viðvarandi grundvelli miðað við hæstu lausafjárahættuskuldbindingu innan dags sem skráð hefur verið frá upphafi.

33. gr.

Eftirlit með lausafjárahættu yfir nótt

Í tengslum við lausafjárahættu yfir nótt skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar beita hvoru tveggja af eftirfarandi:

- a) halda, í a.m.k. 10 ár, skrá um lausafjárahættu sem skapast vegna notkunar útlána yfir nótt fyrir hvern gjaldmiðil í verðbréfauppgjörskerfinu sem hann er uppgjörsaðili fyrir,
- b) hafa eftirlit með lausafjárahættu sem skapast vegna veittra útlána yfir nótt miðað við hæstu lausafjárahættuskuldbindingu sem skapast hefur af veittum útlánnum yfir nótt og skráð hefur verið frá upphafi.

3. undirþáttur

Stýring lausafjárahættu

34. gr.

Hæft lausafé

Veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar skal draga úr viðkomandi lausafjárahættu, þ.m.t. lausafjárahættu innan dags, í hverjum gjaldmiðli, með því að nota eina eða fleiri af eftirfarandi tegundum af hæfu lausafé:

- a) peningainnstæður hjá seðlabanka sem er útgáfubanki,
- b) tiltækar peningainnstæður hjá einni þeirra lánshæfu fjármálastofnana sem tilgreindar eru í 1. mgr. 38. gr.,
- c) skuldbindandi lánalínur eða svipaða samninga,
- d) eignir sem uppfylla þær kröfur 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar sem gilda um veðtryggingar eða fjármálagerninga sem eru í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2017/392, sem eru auðveldlega tiltæk og innleysanleg í peninga með fyrirframákveðnu og mjög áreiðanlegu fjármögnunarfyrirkomulagi í samræmi við 38. gr. þessarar reglugerðar,
- e) þær veðtryggingar sem um getur í 10. gr. og 1. mgr. 11. gr.

35. gr.

Stýring lausafjárahættu innan dags

1. Fyrir hvern gjaldmiðil í hverjum þeim verðbréfauppgjörkerfum sem hann er uppgjörsaðili fyrir skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar:

- a) meta innstreymi og útstreymi lausafjár innan dags fyrir alla viðbótarbankaþjónustu sem veitt er,
- b) áætla tímasetningu þessa streymis innan dags,
- c) spá fyrir um lausafjárþörf innan dags sem kann að koma upp á mismunandi tímum yfir daginn.

2. Fyrir hvern gjaldmiðil í hverjum þeim verðbréfauppgjörkerfum sem hann er uppgjörsaðili fyrir skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamíðstöðvar:

- a) gera ráðstafanir til að fá nægilega fjármögnun innan dags til að ná markmiðum sínum innan dags eins og þau leiða af greiningunni sem um getur í 1. mgr.,

- b) stýra og vera reiðubúinn að innleysa í peninga þær veðtryggingar sem nauðsynlegar eru til að fá fjármagn innan dags við álagsaðstæður, að teknu tilliti til frádrags í samræmi við 13. gr. og samþjöppunarmörk í samræmi við 14. gr.,
- c) stýra tímasetningu lausafjárústreymis í samræmi við markmið sín innan dags,
- d) búa yfir fyrirkomulagi til að taka á óvæntri röskun á lausafjárstreymi sínu innan dags.

3. Í þeim tilgangi að uppfylla lágmarkskröfu sína um hæft lausafé skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar greina og stýra þeirri áhættu sem hann stæði frammi fyrir í kjölfar greiðslufalls a.m.k. þeirra tveggja þátttakenda, þ.m.t. móðurfélags og dótturfélaga þeirra, sem hann hefur tekið á sig stærstu áhættuskuldbindingarnar vegna.

4. Vegna hættu á óvæntum röskunum á lausafjárstreymi hans innan dags, sem um getur í d-lið 2. mgr., skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar tilgreina óvenjulegar en sennilegar sviðsmyndir, þ.m.t. þær sem greinir í 7. mgr. 36. gr., ef við á, og byggjast á a.m.k. einu af eftirfarandi:

- a) ýmiss konar sviðsmyndum fyrri tíma, þ.m.t. tímabilum óvenjulegra markaðshreyfinga á næstliðnum 30 árum, eða eins löngum tímabilum og áreiðanleg gögn eru fyrir hendi um, sem hefðu valdið mestri fjárhagslegri áhættu fyrir veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar, nema hann sýni fram á að endurtekning tilviks mikilla verðhreyfinga í fortíðinni sé ekki líkleg,
- b) ýmiss konar mögulegum framtíðarsviðsmyndum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - i. þær byggjast á samræmdum forsendum um flókt á markaði og verðfylgni milli markaða og fjármálagerninga,
 - ii. þær byggjast bæði á meginlegu og eigindlegu mati á mögulegum markaðsaðstæðum, þ.m.t. truflunum og röskunum eða óreglulegu aðgengi að mörkuðum, sem og lækkun innlausnarvirðis veðtrygginga og minni seljanleika á markaði þegar aðrir eignir en reiðufé hafa verið samþykktar sem veðtrygging.

5. Að því er varðar 2. mgr. skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar einnig taka tillit til eftirfarandi:

- a) skipulags og rekstrar veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar, þ.m.t. í tengslum við aðila sem um getur í 2. mgr. 30. gr. og tengda rekstraraðila innviða fjármálamarkaða eða annarra aðila sem geta valdið verulegri lausafjárahættu fyrir veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar, og skulu sviðsmyndirnar, þar sem við á, taka til margra daga tímabila,
- b) nánna tengsla eða svipaðra áhættuskuldbindinga milli þátttakenda veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar, þ.m.t. milli þátttakenda og móðurfélaga þeirra og dótturfélaga,
- c) mats á líkum á fleiri en einu greiðslufalli þátttakenda og þeim áhrifum sem slík greiðsluföll gætu haft meðal þátttakenda,
- d) áhrifa fleiri en eins greiðslufalls eins og um getur í c-lið á sjóðstreymi veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðva og á getu hans til vinna gegn slíku og á möguleika hans til að komast í gegnum slíkt,
- e) þess hvort líkön endurspegli þau mismunandi áhrif sem efnahagslegt álag getur haft bæði á eignir veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar og á inn- og útstreymi lausafjár hans.

6. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal, í samráði við áhættunefnd verðbréfamiðstöðvarinnar, ef við á, endurskoða a.m.k. árlega hinar sögulegu og ímynduðu sviðsmyndir sem notaðar eru til að greina óvenjulegar en sennilegar markaðsaðstæður. Slíkar sviðsmyndir skal endurskoða oftár ef þróun á markaði eða starfsemi veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar hefur slík áhrif á forsendur sviðsmynda að það krefst aðlögunar sviðsmyndanna.

7. Rammi lausafjárahættu skal fela í sér meginlegt og eigindlegt mat á því að hvaða marki óvenjulegar verðhreyfingar veðtrygginga eðaigna gætu átt sér stað samtímis á fleiri en einum tilgreindum markaði. Ramminn skal taka mið af því að við óvenjulegar en sennilegar markaðsaðstæður gæti söguleg verðfylgni ekki lengur átt við. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal einnig taka tillit til ytra hæðis í álagsprófum sínum sem um getur í þessari grein.

8. Veitandi bankþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal greina hvernig þeir mælivísar um eftirlit innan dags sem um getur í 1. mgr. 30. gr. eru notaðir til að reikna út viðeigandi gildi þarfarinnar á fjármögnun innan dags. Hann skal þróa innri ramma til varfærins mats á því virði lausafjäreigna sem telst nægjanlegt fyrir áhættuskuldbindingar hans innan dags, einkum, allt eftirfarandi:

- a) tímanlegt eftirlit með lausafjäreignum, þ.m.t. gæði eignanna, samþjöppun þeirra og tafarlaust aðgengi að þeim,
- b) viðeigandi stefnu um eftirlit með markaðsaðstæðum sem geta haft áhrif á stöðu hæfs lausafjár innan dags,
- c) virði hæfs lausafjár innan dags, metið og kvarðað við erfiðar markaðsaðstæður, þ.m.t. út frá þeim sviðsmyndum sem um getur í 7. mgr. 36. gr.

9. Veitandi bankþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal tryggja að lausafé sitt sé undir stjórn sérstakrar starfseiningar sem hefur lausafjárstýringu með höndum.

10. Ramminn um lausafjáraðhættu veitanda bankþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal fela í sér viðeigandi stjórnskipulag í tengslum við fjárhæð og form hæfs lausafjár í heild sem veitandi bankþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar viðheldur, sem og viðeigandi og fullnægjandi gögn, einkum eitt af eftirfarandi:

- a) að lausafé hans sé fært á sérstakan reikning undir beinni stjórn starfseiningarinnar sem hefur lausafjárstýringu með höndum, sem aðeins skal nýta sem varasjóð á álagstímum,
- b) innleiðingu innri kerfa og stjórnækja svo starfseiningin sem hefur lausafjárstýringu með höndum hafi skilvirka rekstrarlega stjórn til að gera hvort tveggja af eftirfarandi:
 - i. innleysa lausafjäreignir í peninga hvenær sem er á álagstímabilinu,
 - ii. sækja fé í varasjóðinn án þess að það brjóti beint í bága við fyrirliggjandi starfs- eða áhættustýringarstefnu, þannig að engar eignir séu hluti lausafjárouka (e. *liquidity buffer*) ef sala þeirra án þess að aðrar kæmu í staðinn út álagstímabilið myndi valda óvarinni áhættustöðu umfram innri mörk veitanda bankþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar,
- c) sambland þeirra krafna sem um getur í a- og b-liðum ef slíkt sambland tryggir sambærilega niðurstöðu.

11. Kröfur þessarar greinar um lausafjáraðhætturamma veitanda bankþjónustu verðbréfamiðstöðvar skulu einnig gilda um áhættuskuldbindingar yfir landamæri og milli gjaldmiðla, eftir því sem við á.

12. Veitandi bankþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal endurskoða þær verklagsreglur sem um getur í 2., 3. og 11. mgr. a.m.k. árlega, og að teknu tilliti til allrar þróunar á markaði sem máli skiptir sem og umfangs og samþjöppunar áhættuskuldbindinga.

36. gr.

Álagspróf á hvort laust fé sé fullnægjandi

1. Veitandi bankþjónustu verðbréfamiðstöðva skal ákvarða og prófa, fyrir hvern viðkomandi gjaldmiðil, hvort lausafé hans sé fullnægjandi með reglulegum og ströngum álagsprófum sem standast allar eftirfarandi kröfur:

- a) þau séu framkvæmd á grundvelli þeirra þátta sem um getur í 4. og 5. mgr. og þeirra tilteknu sviðsmynda sem um getur í 6. mgr.,
- b) þau feli í sér reglulegar prófanir á verklagi veitanda bankþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar við mat á hæfu lausafé sínu frá viðskiptavaka með því að nota sviðsmyndir innan dags,
- c) þau uppfylli kröfur 2.–6. mgr.

2. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðva skal tryggja, með a.m.k. ítarlegum áreiðanleikakönnunum og álagsprófum, að hver viðskiptavaki sem sér honum fyrir því hæfa lausafé sem krafist er að lágmarki í samræmi við 34. gr. hafi nægar upplýsingar til að skilja og stýra tengdri lausafjárahættu og geti uppfyllt skilyrðin um fyrirframákveðið og mjög áreiðanlegt fjármögnunarfyrirkomulag sem kveðið er á um í d- og e-lið 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
3. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal hafa reglur og verklag um viðbrögð ef álagspróf hans leiða í ljós að hæft lausafé hans sé ekki fullnægjandi.
4. Feli niðurstöður álagsprófanna í sér brot á samþykktum viðmiðum um áhættuvilja sem um getur í b-lið 1. mgr. 32. gr. skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar:
 - a) tilkynna bæði eigin áhættunefnd og, ef við á, áhættunefnd verðbréfamiðstöðvarinnar um niðurstöður álagsprófanna,
 - b) endurskoða og lagfæra áætlun sína um varúðarfjármögnun sem um getur í c-lið 1. mgr. 32. gr. ef ekki er hægt að bæta úr brotunum fyrir lok dags,
 - c) hafa reglur og verklag til að meta hve fullnægjandi rammi hans um stýringu lausafjárahættu og viðskiptavakar hans eru og gera lagfæringar þar á í samræmi við niðurstöður álagsprófa sinna og greiningu á þeim.
5. Álagsprófunarsviðsmyndir sem notaðar eru í álagsprófum á lausafé skulu mótaðar með tilliti til skipulags og starfsemi veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar og skulu taka til allra aðila sem gætu valdið honum verulegri lausafjárahættu.
6. Álagsprófunarsviðsmyndir sem notaðar eru í álagsprófum á hæft lausafé skulu mótaðar með tilliti til vanskila, hverra í sínu lagi eða sem heildar, a.m.k. þeirra tveggja þátttakenda veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar, þ.m.t. móðurfélags og dótturfélaga þeirra, sem hann hefur tekið á sig stærstu áhættuskuldbindingarnar gagnvart.
7. Sviðsmyndir sem notaðar eru í álagsprófum á lausafé skulu mótaðar með tilliti til margvíslegra óvenjulegra en sennilegra sviðsmynda sem máli skipta og skulu taka til álags til skamms tíma og yfir lengri tímabil, álag sem bundið er við tilteknar stofnanir og álag sem nær til alls markaðarins, þ.m.t. þess þegar:
 - a) greiðslur frá þátttakendum berast ekki tímanlega,
 - b) einum af viðskiptavökum veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar, þ.m.t. þeim sem um getur í e-lið 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, vörslubönkum, umboðsaðilum eigin reikninga (e. *nostro agents*) eða öðrum tengdum rekstrarsaðilum innviða, þ.m.t. rekstrarsamhæfðum verðbréfamiðstöðvum, tekst tímabundið ekki eða er ókleift að útvega lausafé,
 - c) fjármögnunar- og eignamarkaðir eru undir álagi samtímis, að meðtalinni lækkun á virði hins hæfa lausafjár,
 - d) erfitt er að skipta gjaldeyri og viðhalda aðgangi að gjaldeyrismörkuðum,
 - e) neikvæðar breytingar á orðstír veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar valda því að tilteknir viðskiptavakar fella niður aðgang að lausafé,
 - f) verðflókt veðtrygginga eða eigna sem máli skipta nær endurtekið sögulegu hámarki,
 - g) breytingar verða á aðgangi að lánsfé á markaði.
8. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal ákvarða hvaða gjaldmiðlar eru viðkomandi gjaldmiðlar sem um getur í c-lið 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 með því að taka eftirfarandi skref í þessari röð:
 - a) raða gjaldmiðlunum frá þeim hæsta til þess lægsta út frá meðaltali þriggja stærstu daglegu, neikvæðu, hreinu, uppsöfnuðu staðna, umreiknaðra í evrur, á 12 mánaða tímabili,
 - b) telja eftirfarandi sem „viðkomandi“:
 - i. þá gjaldmiðla sem mikilvægastir eru í Sambandinu og uppfylla skilyrðin sem tilgreind eru í framseldri reglugerð (ESB) 2017/392,

ii. alla aðra gjaldmiðla upp að því marki þegar samsvarandi, samanlögð fjárhæð meðaltals stærstu hreinu, neikvæðu, uppsöfnuðu staðnanna, sem mældar eru í samræmi við a-lið, er orðin jöfn eða hærri en 95% af niðurstöðunni fyrir alla gjaldmiðlana.

9. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal ákvarða og uppfæra hvaða gjaldmiðlar eru þeir viðkomandi gjaldmiðlar sem um getur í 8. mgr. reglulega, a.m.k. mánaðarlega. Reglur hans skulu kveða á um að við álagsaðstæður geti bráðabirgð-auppgjörþjónusta í gjaldmiðlum sem ekki eru viðkomandi gjaldmiðlar farið fram á jafnvirði þeirra í gjaldmiðli sem er viðkomandi.

37. gr.

Ófyrirséður og mögulega óvarinn lausafjárskortur

1. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal setja reglur og koma á verklagi til að ná fram tímanlegu uppgjöri innan dags og yfir fleiri daga á greiðsluskuldbindingum í kjölfar eins eða fleiri tengdra greiðslufalla meðal þátttakenda hans. Þessar reglur og verklag skulu taka til alls ófyrirséðs og mögulega óvarins lausafjárskorts í kjölfar slíks greiðslufalls með það fyrir augum að komast hjá því að aflýsa, afturkalla eða fresta samdægurs uppgjöri greiðsluskuldbindinga.

2. Reglurnar og verklagið sem um getur í 1. mgr. skulu tryggja að veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar hafi aðgang að í peningainnstæðum eða fjárfestingum í formi innstæðna til einnar nætur og hafi ferli til að byggja upp að nýju lausafé sem hann gæti þurft að nýta við álagsatburð, svo að hann geti haldið áfram að starfa á traustan og öruggan hátt.

3. Reglurnar og verklagið sem um getur í 1. mgr. skulu fela í sér kröfur um hvort tveggja af eftirfarandi:

a) stöðuga greiningu á þróun lausafjárþarfar til að geta greint atburði sem gætu þróast í ófyrirséðan og mögulega óvarinn lausafjárskort, þ.m.t. áætlun um endurnýjun fjármögnunarfyrirkomulags áður en það rennur út,

b) reglulega verklega prófun á reglunum og verklaginu sjálfu.

4. Auk reglnanna og verklagsins sem um getur í 1. mgr. skal vera til staðar verklag um viðbrögð án ótilhlýðilegrar tafar við mögulega óvörðum lausafjárskorti sem greinst hefur m.a., ef nauðsyn krefur, með því að uppfæra rammann um stýringu lausafjárhættu.

5. Reglurnar og verklagið sem um getur í 1. mgr. skulu einnig taka til alls eftirfarandi:

a) þess hvernig veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal nálgast peningainnstæður eða fjárfestingar í formi innstæðna til einnar nætur,

b) þess hvernig veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal framkvæma samdægurs markaðsviðskipti (e. *same-day market transactions*),

c) þess hvernig veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal draga á fyrirframundirbúnar lausafjárlínur.

6. Reglurnar og verklagið sem um getur í 1. mgr. skulu fela í sér kröfu um að veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar tilkynni um alla lausafjárhættu sem gæti valdið áður ófyrirséðum og mögulega óvörðum lausafjárskorti til:

a) áhættunefndar veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar og, ef við á, áhættunefndar verðbréfamiðstöðvarinnar,

b) viðkomandi lögbærs yfirvalds sem um getur í 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 á þann hátt sem greinir í 39. gr. þessarar reglugerðar.

38. gr.

Ráðstafanir til að innleysa veðtryggingar eða fjárfestingar í peninga með fyrirframákveðnu og mjög áreiðanlegu fjármögnunarfyrirkomulagi

1. Að því er varðar e-lið 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal annað af eftirfarandi vera á meðal lánshæfra fjármálastofnana:

a) lánastofnun sem hefur starfsleyfi í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2013/36/ESB og sem veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar getur sýnt fram á að lítil útlánaáhætta stafi af á grundvelli innra mats sem styðst við skilgreindar og hlutlægar aðferðir sem byggjast ekki eingöngu á ytra áliti,

- b) fjármálastofnun í þriðja landi sem uppfyllir allar eftirfarandi kröfur:
- hún lýtur og hlítir varfærnisreglum sem teljast a.m.k. jafnstrangar þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 575/2013,
 - hún hefur traustar reikningsskilaaðferðir, vörsluaðferðir og innra eftirlit,
 - útlánaáætla hennar er lítil samkvæmt innra mati veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar á grundvelli skilgreindra og hlutlægra aðferða sem byggjast ekki eingöngu á ytra áliti,
 - hún tekur tillit til þeirrar áhættu sem stafar af staðfestu þeirrar fjármálastofnunar þriðja lands í tilteknu landi.
2. Hyggist veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar koma á fyrirframákveðnu og mjög áreiðanlegu fjármögnunarfyrirkomulagi gagnvart lánsþæfni fjármálastofnun eins og um getur í 1. mgr. skal hann aðeins nota þær fjármálastofnanir sem hafa a.m.k. aðgang að lánsfé frá þeim seðlabanka sem gefur út gjaldmiðilinn sem notaður er í fyrirframákveðna fjármögnunarfyrirkomulaginu, annaðhvort beint eða í gegnum aðila innan sömu samstæðu.
3. Þegar fyrirframákveðnu og mjög áreiðanlegu fjármögnunarfyrirkomulagi hefur verið komið á fót gagnvart einni af þeim stofnunum sem um getur í 1. mgr. skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar hafa eftirlit með lánsþæfi þessara fjármálastofnana á viðvarandi grundvelli með því að beita hvoru tveggja af eftirfarandi:
- lata reglulega gera óháð mat á lánsþæfi þessara stofnana,
 - gefa hverri fjármálastofnun, sem verðbréfamiðstöðin hefur gert samkomulag við um fyrirframákveðið og mjög áreiðanlegt fjármögnunarfyrirkomulag, innri lánsþæfiseinkunn og endurskoða þá einkunn reglulega.
4. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðva skal hafa náð eftirlit með og stýra samþjöppun lausafjáráhættu sinnar gagnvart hverri fjármálastofnun sem kemur að fyrirframákveðnu og mjög áreiðanlegu fjármögnunarfyrirkomulagi, þ.m.t. móðurfélagi og dótturfélagum hennar.
5. Rammi veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar um stýringu lausafjáráhættu skal fela í sér kröfu um setningu samþjöppunarmarka, þ.m.t. eftirfarandi kröfur:
- að samþjöppunarmörkin séu sett eftir gjaldmiðli,
 - að a.m.k. tvenns konar fyrirkomulagi sé komið á fyrir hvern af helstu gjaldmiðlum,
 - að veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar reiði sig ekki um of á neina eina fjármálastofnun að teknu tilliti til allra gjaldmiðla.
- Að því er varðar b-lið skal telja til helstu gjaldmiðla a.m.k. efstu 50% mikilvægustu gjaldmiðlanna eins og þeir eru ákvarðaðir í samræmi við 8. mgr. 36. gr. Þegar ákvarðað hefur verið að gjaldmiðill teljist til helstu gjaldmiðla skal hann teljast sem slíkur í þrjú almanaksár frá þeirri ákvörðun.
6. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar sem hefur venjubundinn aðgang að lánsfé hjá seðlabanka sem er útgáfubanki skal teljast uppfylla kröfur b-liðar 5. mgr. að því marki sem hann hefur veðtryggingu sem er veðhæf hjá viðkomandi seðlabanka.
7. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal hafa stöðugt eftirlit með og stýra samþjöppunarmörkum sínum gagnvart viðskiptavökum sínum, að frátöldum þeim sem um getur í 6. mgr., og skal hrinda í framkvæmd stefnum og verklagi til að tryggja að heildaráhættuskuldbinding sín vegna hvernar einstakrar fjármálastofnunar sé innan þeirra samþjöppunarmarka sem eru ákvörðuð í samræmi við 5. mgr.
8. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal endurskoða stefnur sínar og verklag um gildandi samþjöppunarmörk gagnvart viðskiptavökum sínum, að frátöldum þeim sem um getur í 6. mgr., a.m.k. árlega og hvenær sem veruleg breyting verður sem hefur áhrif á áhættuskuldbindingu hans vegna einstakrar fjármálastofnunar.

9. Í tengslum við upplýsingagjöf sína til viðkomandi lögbærs yfirvalds í samræmi við 39. gr. skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar upplýsa lögbæra yfirvaldið um hvort tveggja af eftirfarandi:

- a) allar verulegar breytingar á stefnum og verklagi um samþjöppunarmörk gagnvart viðskiptavökum sínum sem ákvörðuð eru í samræmi við þessa grein,
- b) tilvik þegar hann fer yfir samþjöppunarmörk gagnvart viðskiptavökum sínum samkvæmt stefnum og verklagi sínu, eins og um getur í 5. gr.

10. Fari veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðva yfir samþjöppunarmörk gagnvart lausafjárveitendum sínum skal hann leiðrétta mismuninn án ástæðulausrar tafar með þeim ráðstöfunum til að draga úr áhættu sem um getur í 7. mgr.

11. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðva skal tryggja að viðkomandi veðsamningur veiti honum skjótan aðgang að veðtryggingunni ef til greiðslufalls viðskiptavinar kemur, að teknu tilliti til a.m.k. eðlis, stærðar, gæða, lokagjalddaga og staðsetningar eignanna sem viðskiptavinurinn lagði fram sem veðtryggingu.

12. Noti veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar eignir, sem geymdar eru á verðbréfareikningum hjá öðrum þriðja aðila, sem veðtryggingu, skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar tryggja að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) hann hafi yfirsýn á rauntíma yfir eignirnar sem skilgreindar eru sem veðtrygging,
- b) veðtryggingin sé aðskilin frá öðrum verðbréfum lántakandi þátttakandans,
- c) fyrirkomulagið við þann þriðja aðila komi í veg fyrir að veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar tapi nokkrum eignum.

13. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir fyrirfram til að tilkalli hans til fjármálagerninga sem lagðir hafa verið fram sem veðtryggingar sé framfylgjanlegt.

14. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal geta nálgast aðrar eignir en peninga sem um getur í 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. og innleyst þær í peninga samdægurs með fyrirframákveðnu og áreiðanlegu fyrirkomulagi sem komið er á fót í samræmi við d-lið 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

4. undirþáttur

Upplýsingagjöf um lausafjárahættu

39. gr.

Upplýsingagjöf til lögbærra yfirvalda um stýringu áhættu innan dags

1. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar er upplýsingaskyldur gagnvart lögbæra yfirvaldinu sem um getur í 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 909/2014.

2. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal uppfylla allar eftirfarandi upplýsingaskyldur:

- a) hann skal minnst árlega leggja fram yfirlýsingu um eigindlega þætti sem tilgreinir allar þær aðgerðir sem gripið er til í tengslum við það hvernig lausafjárahætta, þ.m.t. innan dags, er mæld, vöktuð og henni stýrt,
- b) hann skal tilkynna um allar verulegar breytingar á þeim aðgerðum sem gripið er til og um getur í a-lið, án tafar eftir að slíkar verulegar breytingar eiga sér stað,
- c) hann skal mánaðarlega leggja fram þá mælivísa sem um getur í 1. mgr. 30. gr.

3. Uppfylli veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar ekki, eða eigi hann á hættu að uppfylla ekki, kröfur þessarar reglugerðar, þ.m.t. á álagstímum, skal hann án tafar gera viðkomandi lögbæru yfirvaldi viðvart og án ótilhlýðilegrar tafar leggja fyrir það viðkomandi lögbært yfirvald ítarlega áætlun um að uppfylla kröfurnar að nýju með tímanlegum hætti.

4. Þar til kröfur þessarar reglugerðar og reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 eru uppfylltar að nýju skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar veita upplýsingar um þau atriði sem um getur í 2. mgr., eftir því sem við á, a.m.k. daglega, fyrir lok hvers viðskiptadags, nema viðkomandi lögbært yfirvald heimili fátíðari upplýsingagjöf og að tilkynningarfrestur sé lengri að teknu tilliti til stöðu viðkomandi veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar og þess hve umfangsmikil og margþætt starfsemi hans er.

5. undirþáttur

Opinber birting

40. gr.

Opinber birting

Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðva skal árlega birta opinberlega ítarlega yfirlýsingu um eigindlega þætti sem tilgreinir hvernig lausafjánhætta, þ.m.t. lausafjánhætta innan dags, er mæld, vöktuð og henni stýrt.

6. undirþáttur

Lokaákvæði

41. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar skal tilgreina viðkomandi gjaldmiðla skv. ii. lið b-liðar 8. mgr. 36. gr., 12 mánuðum eftir að hann öðlast starfsleyfi til að veita viðbótarbankaþjónustu.
2. Á 12 mánaða umbreytingartímabilinu sem um getur í 1. mgr., skal veitandi bankaþjónustu verðbréfamiðstöðva, sem um getur í sömu málsgrein, tilgreina viðkomandi gjaldmiðla, skv. ii. lið b-liðar 8. mgr. 36. gr., þannig að beggja eftirfarandi atriða sé gætt:
 - a) að hver gjaldmiðill fái nægilega stóra hlutdeild í heildarvirði uppgjörðs verðbréfamiðstöðvar samkvæmt fyrirmælum um uppgjör á móti greiðslu, reiknað út yfir eitt ár,
 - b) þeirra áhrifa sem það hefur á snuðulausa starfsemi veitanda bankaþjónustu verðbréfamiðstöðvar að hver gjaldmiðill sé ekki tiltækur út frá margvíslegum mögulegum álagssviðsmyndum sem um getur í 36. gr.

42. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Sviðsmyndir um slit eða endurskipulagningu

1. Sviðsmynd þar sem verðbréfamistöð er ókleift að afla nýs fjármagns til að uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 telst hrinda af stað endurskipulagningu verðbréfamistöðvar („endurskipulagning“) ef atburðirnir sem lýst er í sviðsmyndinni myndu ekki koma í veg fyrir að verðbréfamistöðin héldi áfram að starfrækja verðbréfauppgjörskerfi eins og um getur í 3. lið A-þáttar viðauka við reglugerð (ESB) nr. 909/2014 og veita a.m.k. eina aðra kjarnaþjónustu sem talin er upp í A-þætti viðauka við reglugerð (ESB) nr. 909/2014.
2. Sviðsmynd þar sem verðbréfamistöð er ókleift að afla nýs fjármagns til að uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 telst hrinda af stað slitum á starfsemi hennar („slit“) ef atburðirnir sem lýst er í sviðsmyndinni myndu valda því að verðbréfamistöðin gæti ekki fallið undir skilgreininguna í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
3. Sviðsmyndirnar sem um getur í a-lið 7. gr., skulu fela í sér eftirfarandi mat:
 - a) að því er varðar endurskipulagningu skal verðbréfamistöðin meta fjölda þeirra mánaða sem hún býst við að þurfa til að tryggja eðlilega endurskipulagningu á starfsemi sinni,
 - b) að því er varðar slit, á fjölda mánaða sem búist er við að þurfi til slitanna.
4. Sviðsmyndirnar skulu samsvara eðli starfsemi verðbréfamistöðvarinnar, stærð hennar, því hve samtengd hún er öðrum stofnunum og fjármálakerfinu, viðskipta- og fjármögnunarlíkani hennar, starfsemi og skipulagi hennar og hvers konar veikleikum eða göllum sem greinst hafa hjá verðbréfamistöðinni. Sviðsmyndirnar skulu grundvallast á atburðum sem heyra til undantekninga en eru sennilegir.
5. Við mótnun sviðsmyndanna skulu verðbréfamistöðvarnar uppfylla báðar eftirfarandi kröfur:
 - a) atburðirnir sem fram koma í sviðsmyndinni gætu valdið endurskipulagningu á starfsemi verðbréfamistöðvarinnar,
 - b) atburðirnir sem fram koma í sviðsmyndinni gætu valdið slitum á starfsemi verðbréfamistöðvarinnar.
6. Áætlunin til að tryggja eðlilega endurskipulagningu eða slit á starfsemi verðbréfamistöðvarinnar, sem um getur í b-lið 2. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, skal fela í sér allar eftirfarandi sviðsmyndir („staka atburði“):
 - a) þrot mikilvægra mótaðila,
 - b) skaða á orðstír stofnunarinnar eða samstæðunnar,
 - c) mikið útstreymi lausafjár,
 - d) óhagstæðar hreyfingar á verði eigna sem stofnunin eða samstæðan er einkum útsett fyrir,
 - e) mikið útlánatap,
 - f) mikið rekstraráhættutengt tap.
7. Áætlunin til að tryggja eðlilega endurskipulagningu eða slit á starfsemi verðbréfamistöðvarinnar, sem um getur í b-lið 2. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, skal fela í sér allar eftirfarandi sviðsmyndir („atburði sem snerta allt kerfi“):
 - a) þrot mikilvægra mótaðila sem hafa áhrif á fjármálastöðugleika,
 - b) minnkun á tiltæku lausafé á millibankalánamarkaði,
 - c) aukna landsáhættu og almennt fjármagnsútstreymi úr landi sem er mikilvægt fyrir starfsemi stofnunarinnar eða samstæðunnar,
 - d) óhagstæðar hreyfingar á verði eigna á einum eða fleiri mörkuðum,
 - e) þjóðhagslegan samdrátt.